



kjarninn

41. útgáfa – 29. maí 2014 – vika 22



Guðbjörg er einn stærsti út- og innflytjandi landsins



Biggi í Maus er auðmjúkur handritshöfundur




Gunnar í Krossinum hefði betur setið heima



BÚÚMMM!

Píratar eru að festa sig í sessi sem fjöldahreyfing og gömlu valdablokkirnar berjast fyrir lífi sínu. Það gæti orðið pólitísk sprenging í kosningunum á laugardaginn.




STJÓRNMÁL

Evrópuþingskosningarnar leiddu fram öfghópa úr öllum áttum



KJAFTEÐI

Hvað kostar eiginlega þessi barátta hjá flokkunum?



GALLERÍ

Ronaldo og hrikaleg átök í Úkraínu

Ævispor leitar fjár í Kaliforníu

Fyrirtækið Ævispor hefur vaxið og dafnað að undanförmu og stendur á tímamótum. Það hyggur á útrás og er með stór plön.

Kosningaspáin gerir ráð fyrir mikilli spennu

Kosningaspá Kjarnans sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru í bullandi vörn í borginni.

Galdrakarlinn í seðlabankanum

Hafsteinn Hauksson hagfræðingur veltir fyrir sér ævintýrinu um galdrakarlinn í Oz og síðan peningamálunum.

Aldís Páls svarar sjö spurningum



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is

www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Hvað á Ísland að verða þegar það er orðið stórt?

Þórður Snær Júlíusson skrifar um ríki sem er ekki aðlandi í augum komandi kynslóða.

Það felast mýmörg tækifæri í því þegar heilt ríki skellur á botninum. Þaðan er besta viðspyrnan og mögulegt verður að endurhugsa allt planið upp á nýtt. Því miður hefur okkur Íslendingum ekki tekist nægjanlega vel að nýta þetta tækifæri.

Í stað þess að leggja upp með langtímaáætlun um hvernig við getum orðið besti staðurinn til að búa á fyrir sem flesta þegna höfum við hlaðið skammtímaplástrum á helsærðan efnahagslíkamann sem verja sérhagsmuni lítilla en valdamikilla anga hans. Þegar svöðusárin eru jafn stór og þau sem við berum dugar slíkt hins vegar skammt. Og á endanum mun okkur blæða út.

Hvað ætlar þú að gera þegar þú ert orðinn stór?

Nýverið var greint frá því að 2.200 manns hefðu sótt um vinnu hjá upplýsingafyrirtækinu Advania það sem af er árinu 2014. Fyrirtækið gat ráðið 50. Þessi ásókn er yfirfæranleg á önnur tækni- og upplýsingafyrirtæki líka. Um 500 manns sóttu til dæmis um sumarstarf hjá Nýherja.

Viðskiptafræðingar og þeir sem nema félagsvísindi eða einbeita sér að tungumálanámi eiga líka í miklum erfiðleikum með að finna starf við hæfi. Í raun er nánast alltaf stórkostlegt offramboð umsókna þegar auglýst er eftir sérfræðingum hvers konar. Það sást ágætlega þegar Ríkisskattstjóri auglýsti að hann þyrfti að ráða í tólf stöður vegna framkvæmda á skuldaleiðréttingum Framsóknarflokksins. 370 manns sóttu um þær tólf stöður.

Hvernig verður þú þjónustaður?

Í dag eru um 55 þúsund Íslendingar yfir 60 ára. Eftir tíu ár er því spáð að þeir verði 84 þúsund. Allar rannsóknir, og almenn skynsemi, segir okkur að þörfin fyrir aukna heilbrigðisþjónustu eykst mjög eftir að þeim aldri er náð. Þeir sem starfa í heilbrigðisgeiranum mega því búast við auknu álagi.

Það verður hins vegar raunverulegt vandamál að manna þær viðbótarstöður sem þörf verður fyrir að manna. Það nægir ekki bara að byggja nýtt sjúkrahús og vonast til þess að það dugi til að soga að sér hæft fólk í miklu magni.

Þegar staða sérfræðilækna á Landspítalanum eru auglýstar sækja oft engir um. Viðloðandi skortur er á hjúkrunarfræðingum á hjúkrunarheimilum og fjölmargir slíkir sem unnið hafa á spítalanum hafa látið lokkast til Noregs þar sem gnógt vinnu er að hafa fyrir miklu hærri laun og minni viðveru. Sömu sögu er í raun að segja af flestum læknum. Það blasa því við vandræði í heilbrigðisgeiranum.

Og það eru ekki minni vandræði í menntakerfinu. Íslendingum í heild mun fjölga um 13 prósent á næstu ellefu árum. Fæðingum fjölgaði reyndar töluvert strax í kjölfar efnahagshrunsins. Á árunum 2008-2010 fæddust um 5.000 nýir Íslendingar ár hvert. Og við eigum eiginlega ekkert fólk til þess að taka við þeim í menntakerfinu.

Það vantar nefnilega um 1.300 leikskólakennara eins og er. Og um 200 grunnskólakennara. Einungis 30 grunnskólakennarar og tíu leikskólakennarar munu útskrifast úr Háskóla Íslands í sumar. Fækkun þeirra sem sækja sér slíkt nám eftir að lengd þess fór úr þremur í fimm ár er gríðarleg.



Hugsandi fólk og allar hliðar málsins

HHS – grunnám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Í HHS er tekist á við flókin úrlausnarefni nútímasamfélags sem hafa heimspekilega, hagfræðilega og pólitíska þýðingu. Námið er dýrmætur undirbúningur fyrir stjórnmálaþátttöku, störf á sviði fjölmiðla, í opinberri stjórnsýslu og við almannatengsl.

Nánari upplýsingar

www.nam.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hvar ætlar þú að búa?

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að nú stendur yfir stærsta millifærsla Íslandssögunnar. Ríkisstjórnin ætlar að gefa sumum 80 milljarða króna af skattfé undir formerkjum þess að verið sé að leiðrétta forsendubrest. Forsendubresturinn er reyndar ekki meiri en svo að það verður hlutverk fjármálaráðherra að ákveða hver hann var út frá því hversu margar umsóknir berast um ríkislottóvinninginn. Verði þær fleiri en reiknað var með mun forsendubresturinn verða lægri. Værði þær færri mun hann hækka.

„Á Íslandi ákveða miðaldra stjórn-
málamenn að afhenda sinni kynslóð nokkra tugi milljarða króna á sama tíma og þeir ákveða að takast ekki á við risavaxin langtíma-
vandamál.“

Í tölum frá Ríkisskattstjóra má sjá að 90 prósent þessarar peningagjafar fara til fólks sem fæddist fyrir 1980. Íslendingar milli 18 og 34 ára fá átta milljarða króna á meðan 35 til 108 ára (ef við gefum okkur að sá elsti fái eitthvað) fá 72 milljarða króna.

Þessi aðgerð mun því skerða lífsgæði ungra Íslendinga töluvert. Peningum sem gæti hafa verið varið í uppbyggingu á þjónustu eða niðurgreiðslu skulda hins opinbera er hent í miðaldra millistétt. Tekjur ríkis og sveitarfélaga skerðast umtalsvert á næstu árum vegna séreignarsparnaðaraðgerðanna, sem fylgja með í skuldaniðurfellingarpakkanum. Þær munu auk þess ganga mjög nærri séreignarlífeyriskerfinu og þar með auka kostnað ríkisins vegna lífeyrisgreiðslna í framtíðinni gríðarlega. Sá skellur lendir líka á þeim sem eru ungir í dag því ríkið, það erum við.

Auk þess virðist morgunljóst að aðgerðirnar og aukin einkaneysla þeirra sem munu fá mun auka verðbólgu, valda enn óhagstæðari viðskiptajöfnuði en við erum nú þegar að glíma við og væntanlega veikja krónuna líka.

Af hverju á ungt fólk að vera á Íslandi?

Í síðustu viku kynnti ríkisstjórnin nýja stefnu um vísindarannsóknir og nýsköpun. Viðleitnin er ágæt en sú fullyrðing

Sigmundur Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra að viðbótarframlög í samkeppnissjóði upp á 2,8 milljarða króna á nokkrum árum (3,5 prósent af skuldaniðurfellingargjöfinni) ýti Íslandi í fremsta flokk á meðal allra landa heims hvað varðar áherslu á vísindi, rannsóknir og nýsköpun er í besta falli fjarstæðukennd. Við verðum enn langt á eftir hinum Norðurlöndunum og órafjarlægð frá til dæmis Bandaríkjunum. Við erum einfaldlega ekki þjóð sem leggur áherslu á að fjölga eggjunum í körfunni.

Efnahagur okkar hvílir aðallega á þremur stoðum:

„Þegar svöðusárin eru jafn stór og þau sem við berum þá dugar slíkt hins vegar skammt. Og á endanum mun okkur blæða út.“

útflutningi á fiski og áli og innflutningi á ferðamönnum. Tvær fyrstu stoðirnar, fiskurinn og álið, eru að mestu auðlindadrifnar frumatvinnustoðir. Ferðaþjónustan er atvinnugrein sem byggir að mestu á láglaunaþjónustu. Aðgerðir sitjandi stjórnvalda hafa fyrst og fremst snúist um að standa vörð um þessar stoðir. Og að láta sig dreyma um olíu.

Hvað ætlar Ísland að verða þegar það er orðið stórt?

Þegar ofangreint er dregið saman er hægt að draga þá ályktun að á Íslandi sé ekki verið að nýta auðlindirnar til að byggja upp það samfélag sem fólkið vill búa í heldur reynt að láta fólkið aðlaga sig að auðlindadrifnu frumvinnslukerfinu sem hentar valdaöflunum best. Á Íslandi bjóðast því ekki þau atvinnutækifæri sem ungt fólk sækist fyrst og fremst eftir á grundvelli menntunar sinnar.

Á Íslandi er velferðarkerfið að dragast aftur úr að gæðum. Vöntun er á fólki sem vill vinna í því og stjórnámálameñ neita að takast á við þau risavöxnu uppbyggingarverkefni sem nauðsynlegt er að takast á við svo við getum menntað hina ungu, hjúkrað öllum og séð fyrir hinum öldnu.

Á Íslandi er nánast ómögulegt fyrir ungt fólk að eignast húsnæði vegna þess að aðstæður í hagkerfinu gera því ekki kleift að nurla saman fyrir útborgun. Það er líka að verða ómögulegt fyrir það að leigja húsnæði vegna þess að sturluð umframeftirspurn eftir leiguhúsnæði hefur hækkað verð á

slíku upp í himinhæðir. Þetta ástand á því miður bara eftir að versna á næstu árum. Velkomin í fasteignabóluna.

Á Íslandi ákveða miðaldra stjórnámálamenn að afhenda sinni kynslóð nokkra tugi milljarða króna á sama tíma og þeir ákveða að takast ekki á við risavaxin langtímavandamál. Kostnaði gjafarinnar og afleiðingar aðgerðaleysis þeirra lendir af fullum þunga á unga fólkinu í framtíðinni. Það kemur nefnilega alltaf, einhvern tímann, að skuldadögum.

Vilt þú búa á Íslandi?

Ég held að ungir Íslendingar vilji upp til hópa búa á Íslandi. Hér er fjölskyldan þeirra, vinir og annað nánasta tengslanet. Hér eru heitu pottarnir, ódýra rafmagnið, öryggið, náttúran og allt hitt sem er svo dásamlegt. En ungir Íslendingar vilja vinna við það sem þeir hafa áhuga á og kunna. Þeir vilja geta búið í sómasamlegu húsnæði án þess að greiða þorra ráðstöfunartekna sinna fyrir það. Þeir vilja fá þjónustu í samræmi við það hlutfall launa sinna sem þeir greiða í skatta og þeir vilja geta horft fram á áhyggjulaust ævikvöld.

Sú stefna sem Ísland hefur valið að feta, stefna sérhagsmunagæslu, skammtímahagsmuna, íslenskrar krónu, gjaldeyrishafða og einangrunarhyggju mun ekki skapa þær aðstæður. Þvert á móti.



2500 NÝJAR
LEIGUÍBÚÐIR


SMELLTU **HÉR** TIL AÐ VITA MEIRA



REYKJAVÍK

Úrslit Evrópuþingskosninganna 22. til 25. maí 2014

Niðurstöður kosninganna í Evrópusambandslöndum um liðna helgi*



* Niðurstöðurnar hafa ekki verið staðfestar

Heimild: Europa.eu

KJÖRSÓKN

43,09%

Kjörsóknin í kosningunum í ár er svipuð því sem hún var árið 2009 þegar **43,24%** kosningabærra manna kusu.

NEÐRI MÖRK KJÖRS

25 fulltrúar frá 7 löndum

Hver stjórnmalahópur/framboð þarf að fá minnst **25** fulltrúa kjörna í að minnsta kosti **7** aðildarlöndum til að ná kjöri.

AÐILDARLÖND

28 aðildarlönd 751 fulltrúi

Evrópuþingið samanstendur af **751** fulltrúa eftir kosningarnar í ár og deilast þeir hlutfallslega eftir úbúafjölda hvers aðildarlands.

Djúpstæðar breytingar

Níðurstöður kosninganna til Evrópuþingsins sýna glögglega að efnahagskreppan í álfunni er farin að rista djúpt í hið pólitíska litróf landa álfunnar. Uppgangur stjórnmálaflokka sem efast um Evrópusamstarfið og þá ekki síst frjálsa för fólk innan álfunnar. David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, lét hafa eftir sér í viðtali við breska


ríkisútvarpið BBC að óhjákvæmilegt væri annað en að taka þessar niðurstöður alvarlega og endurskoða samstarfið á vettvangi Evrópusamstarfsins. Þó mætti ekki gleyma mikilvægu lýðræðislegu hlutverki þessarar kosninga og mikilvægt væri að taka vilja fólksins alvarlega.

Þjóðarleiðtogar stærstu Evrópuríkja tóku í sama streng og sögðu niðurstöðu kosninganna vera merkilega og sýna að mikil þörf væri á því að endurskoða hlutverk Evrópusambandsins. „Fólk þarf að hafa trú á því að Evrópusambandið sé virkur lýðræðislegur vettvangur sem vinnur fyrir fólkið,“ sagði Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur.

Uppgangur þjóðernishyggju, sem kristallaðist víða í kosningunum, hefur einnig valdið mörgum áhyggjum en hann þykir gefa vísbendingu um eldfimt pólitískt ástand. Margar skýringar hafa verið nefndar fyrir þessu en ekki síst þær að samblanda af miklu atvinnuleysi hjá ungu fólki og félagslegum erfiðleikum geti orðið að frjóum jarðvegi fyrir hugmyndafræði sem þessa.

Hægriöfgar og efasemdir í ESB

Hægriöfgamenn og efasemdamenn fengu góða kosningu til Evrópuþingsins



Efasemdamenn á Evrópusamstarfið á Evrópuþinginu hafa aldrei verið fleiri en eftir kosningarnar nú. Þeir koma flestir frá Ítalíu (25), Bretlandi (23) og Póllandi (23). Hlutfallslega besta kosningu fengu efasemdamenn í Póllandi, þaðan sem 51 þingmaður kemur.

Hægriöfgamenn fengu einnig góða kosningu, sérstaklega í Frakklandi (24). Frá Norðurlöndunum koma fáeinir öfgamenn. Fjórir frá Danmörku, þrír frá Finnlandi og tveir fulltrúar Svía teljast til þessa hóps. Einn fulltrúi Þjóðverja er úr röðum nýnasista, eins og þrír grísku fulltrúanna. **BPH**

- Efasemdamenn
- Hægriöfgamenn og nýnasistar

Heimild: AFP

Ógeðslega góð æfing í æðruleysi

Birgir Örn Steinarrson, betur þekktur sem Biggi í Maus, ræðir velgengni Vonarstrætis og höfnunina sem varð til þess að hann efaðist um sjálfan sig.





Kæru borgarbúar

Kjörstaðir í Reykjavík við borgarstjórnarkosningar 31. maí 2014 eru eftirfarandi:

Ráðhús	Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi, Dalhúsum
Hagaskóli	Árbæjarskóli
Hlíðaskóli	Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Laugardalshöll	Ölduselsskóli
Breiðagerðisskóli	Ingunnarskóli
Vættaskóli Borgir	Klébergsskóli

Kjörfundur hefst kl. 9.00 og honum lýkur kl. 22.00.

Sérstök athygli er vakin á því að íbúar við Efstaleiti, Hvassaleiti, Kringluna, Miðleiti, Neðstaleiti og Ofanleiti kjósa nú í **Hlíðaskóla** en ekki Breiðagerðisskóla.

Á www.reykjavik.is/kosningar má fletta kjósendum upp eftir kennitölu til að kanna hvar þeir eru á kjörskrá. Einnig er vakt í manntali í Ráðhúsi Reykjavíkur allan kjördag í s. 411 4915, netfang manntal@reykjavik.is. Þar eru fúslega veittar upplýsingar um hvar fólk á að kjósa og hvað annað sem kjósendur vilja spyrja um.

Aðgengi fyrir hjólastóla er tryggt á öllum kjörstöðum. Ekki gleyma að hafa skilríki meðferðis á kjörstað.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur hefur aðsetur í Ráðhúsinu á kjördag. Hún er í s. 411 4910 og er með netfangið yfirkjorstjorn@reykjavik.is.

Á www.reykjavik.is/kosningar má einnig fylgjast með þróun kjörsóknar yfir daginn og nálgast ýmsar hagnýtar og áhugaverðar upplýsingar sem tengjast kosningum.

Talning atkvæða fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hún hefst kl. 22.00 og er opin almenningi meðan húsrúm leyfir.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í manntali, s. 411 4915, netfang: manntal@reykjavik.is.

Skrifstofa borgarstjórnar
Yfirkjörstjórn Reykjavíkur

VIÐTAL

Ægir Þór Eysteinnsson
@aegireysteins

Kvikmyndin Vonarstræti í leikstjórn Baldvin Z. hefur rækilega slegið í gegn hér á landi. Gagnrýnendur hafa keppt við að ausa myndina lofi frá því að hún var frumsýnd á dögnum og bíóþyrstir hafa flykkst í þúsundatali í kvikmynda-hús til að berja myndina augum.

Meira að segja þeir sem sjaldnast eru hrifnir af íslenskum kvikmyndum segja Vonarstræti vera á meðal allra bestu kvikmynda sem gerðar hafa verið á Íslandi og margir ganga meira að segja svo langt að fullyrða að aldrei hafi betri kvikmynd verið gerð hér á landi. Almenn og útbreidd ánægja með myndina hefur á köflum jaðrað við múgsefjun.

Heiðurinn að handritinu eiga þeir Baldvin og Birgir Örn Steinarsson. Birgir Örn er landsþekktur sem Biggi í Maus, er eiginlega aldrei kallaður neitt annað, en hljómsveitina Maus

þekkir nánast hvert mannsbarn á Íslandi. Hljómsveitin var áberandi í tónlistarlífinu á tíunda áratugnum, átti hvert lagið á fætur öðru sem náði vinsældum og vingaðist um tíma við hina goðsagnakenndu hljómsveit The Cure.

Biggi er og hefur verið söngvari sveitarinnar og helsti lagasmiður frá stofnun, og margir hafa haft mismunandi skoðanir á sönghæfileikum hans í

gegnum tíðina. Eftir velgengni Vonarstrætis, sem ekki sér fyrir endann á, þarf hins vegar vonandi enginn að velkjast í vafa um hæfileika hans til að skrifa handrit fyrir hvíta tjaldið.

Skrif verið helsta tekjulindin

Birgir Örn hefur brallað ýmislegt frá því að Maus var á hátindi frægðar sinnar. Hann bjó í þrjú ár í Lundúnum, hefur gefið út sólóplötu og unnið við blaðamennsku hjá 24 stundum og Morgunblaðinu. Þá var hann fyrsti ritstjóri Monitors og annar skapari. Auk þessa hefur hann skrifað ævisögu Páls Óskars, sem bíður útgáfu. Þá tók hann upp plötu Silvíu

„Ég var eiginlega narraður út í blaðamenskuna á sínum tíma. Ég sótti aldrei um að verða blaðamaður, það var bara hringt í mig frá Morgunblaðinu og mér boðin vinna.“

Nætur, Goldmine, sem kom út árið 2007, ásamt Sölva Blöndal úr Quarashi, en tvímenningarnir sömdu sömuleiðis flest löggin á plötunni.

„Þegar ég hugsa út í það hafa skrif verið það helsta sem hefur fært mér tekjur í gegnum tíðina. Ég var eiginlega narraður út í blaðamenskuna á sínum tíma. Ég sótti aldrei um að verða blaðamaður, það var bara hringt í mig frá Morgunblaðinu og mér boðin vinna. Ég taldi þá að það gæti bara verið ágætis vinna og ákvað að hoppa á það og var í blaðamennskunni einhvern veginn í tíu ár. Til dæmis þegar ég bjó í London var helsta tekjulind mín að skrifa,“ segir Birgir.

Undanfarin ár hefur Birgir stundað nám í sálfræði við Háskóla Íslands, en hann skilaði BS-ritgerðinni sinni á dögnum. Hann stefnir á að verða klínískur sálfræðingur og hyggst flytja utan til Danmerkur í framhaldsnám ásamt konu sinni, Kolbrúnu Magneu Kristjánsdóttur, og tveimur börnum.

Ætlar að verða sálfræðingur

Auk þess að sinna ritstörfum stefnir Biggi á að verða klínískur sálfræðingur.



Höfnun sem hafði skaðleg áhrif

Í Birgi hefur blundað rithöfundur frá unga aldri. Alkunna er að hann samdi flesta texta Maus, sem margir hverjir vöktu athygli, en færri vita kannski að Birgir hóf sem barn að semja sögur, sem hann á margar hverjar enn ofan í skúffum heima hjá sér.

„Ég reyndi einu sinni að fá bók útgefna eftir mig en var hafnað. Þegar höfnunin kom þá kom hún á þannig tíma að það var mjög erfitt að kyngja henni, þannig að ég fór eiginlega bara inn í skápinn sem höfundur og trúði því ekkert lengur að þetta væri eitthvað sem ég gæti gert eða ætti eftir að gera.“

Í kjölfar höfnunarinnar kveðst Birgir hafa efast um

hæfileika sína til að gerast höfundur.

Hann efaðist um að hann gæti nokkurn tímann skrifað eitthvað sem þætti nógu gott til útgáfu.

„Ég gekk bara í gegnum þetta týpíska sem allir ganga í gegnum sem fá höfnun á einhverju stigi í lífinu. Mig langar enn að skrifa bók. Maður veit samt auðvitað

aldrei hvað virkar hjá manni. Kannski hentar mér betur að skrifa handrit til að segja sögur. Ég lít á velgengni Vonarstrætis sem styrkingu við þá hugmynd að skilja gagnrýnandann eftir heima þegar þú ert að flæða, þegar þú ert að skapa. Þegar gagnrýnandinn er með, og þér líður á meðan þú ert að skrifa eins og að það verði aldrei nógu gott, þá blettir þú listaverkið.“

Hugmynd að samstarfi sem þruma úr heiðskíru lofti

Baldvin Z. á að baki kvikmyndina Óróa frá árinu 2010, sem hann leikstýrði og skrifaði og hlaut góðar viðtökur. Auk þess kom hann að handritsgerð og/eða framleiðslu sjónvarpsþáttanna Hæ Gosi og fræðslumyndarinnar Fáðu já. Þá leikstýrði hann og skrifaði stuttmyndina Hótel Jörð og kom að gerð Áramótaskaupsins 2011. Birgir Örn segir samstarf þeirra félaga við gerð Vonarstrætis hafa komið sem þrumu úr heiðskíru lofti.

„Þegar gagnrýnandinn er með, og þér líður á meðan þú ert að skrifa eins og að það verði aldrei nógu gott, þá blettir þú listaverkið.“



Blaupunkt þráðlaust þjófavarnarkerfi

Vertu þinn eigin öryggisvörður!

Stjórnaðu þjófavarnarkerfinu heima hjá þér með appi

Þú getur sett kerfið í gang hvar og hvenær sem er á einfaldan hátt, kveikt á ljósum og fylgst með hurðum og gluggum. Hreyfinemi finnur óþóðna gesti en er búinn þyngdarskynjun, þannig að kötturinn getur komið inn þegar honum sýnist.



- Kerfið er algjörlega þráðlaust og þægllegt í uppsetningu, engir vírar og allt að 30 skynjarar/svæði.
- Innbyggður GSM hringibúnaður sem hringir og „segir“ þér frá því sem er að gerast með raddskilaboðum eða SMS.
- Hægt er að stýra og fylgjast með kerfinu úr snjallsíma með Connect2Home appinu, t.d. athuga virkni kerfisins, stilla það, setja kerfi á eða taka það af.
- Skynjarar í setti eru forritaðir þannig að þeir geta strax náð sambandi við stjórnstöð.



SA 2700

Innihald í setti:
Stjórnstöð með LCD skjá,
1 stk. hurða/glugga segulskynjari,
1 stk. PIR svæðisskynjari
1 stk. fjarstýring
Fjöldi viðbótarskynjara fánlegur
Verð: 46.278 kr.

„Það kom eiginlega til út af eiginkonu minni. Hún og Baldvin eru æskuvinir frá Akureyri. Baddi var hálfgerður heimalningur á heimili fjölskyldu Kolbrúnar. Þau hafa alltaf haldið góðu sambandi í gegnum árin. Fyrir fjórum árum bauð Baddi okkur í mat. Mig hefur alltaf langað til að skrifa kvikmyndahandrit en hafði ekki hugmynd um hvernig maður gerir slíkt, og þar sem Baddi lærði handritaskrif í Danmörku, spyr ég hann þegar við erum að fara hvort hann eigi kennslubók í handritagerð til að lána mér. Hann veðraðist allur upp, hljóp til og lét mig fá kennslubók. Sú hugsun að við tveir ættum eftir að vinna saman var aldrei í höfðinu á mér þá, ég var bara að reyna að finna leið til að læra handritagerð,“ segir Birgir og brosir.

Birgir fór heim með bókina og gluggaði í hana og dreymdi um að einn dag myndi hann skrifa handrit að kvikmynd. Svo þremur mánuðum síðar hringdi hjá honum síminn. „Það var Baddi. Hann spurði mig hvort ég væri búinn að lesa bókina, og ég sagði honum að ég hefði aðeins gluggað í hana já. Þá segir hann bara algjörlega upp úr þurru að hann langi nefnilega svolítið til að við tveir skrifum saman næstu myndina hans. Ég sagði strax já, þó að ég hafi kannski ekki verið alveg sannfærður um að þetta væri eitthvað sem ég gæti, heldur fannst mér þetta meira svona spennandi tækifæri. En þetta er einn af styrkleikum hans Badda, hann veit eða grunar oft hvað aðrir eru færir um að gera betur en þeir sjálfir. Mér fannst ég ekkert vera tilbúinn að stökkva út í djúpu laugina en hann var hins vegar alveg sannfærður.“

Eftir fyrsta fundinn varð ekki aftur snúið

Baldvin Z. og Birgir hittust í fyrsta skiptið til að ræða Vonarstræti á Kaffi Mokka við Skólavörðustíg, í árslok 2010. „Þar sagði hann mér hvað hann vildi gera í næstu myndinni sinni. Hann sagði mér frá nokkrum plottpunktum og tveimur persónum. Rónanum Móra sem var með djúpan harm í brjósti, og stelpunni sem leiðst hafði út í heimavændi. Mikið annað var hann ekki með. Hann var ekki með neina sögu, og vissi ekki hvernig þessar persónur áttu að tengjast, en vildi að



Á rölti eftir Vonarstræti

Hér röltir Biggi eftir Bjarkargötu í Reykjavík, en götunni var gefið nafnið Vonarstræti í samnefndri kvikmynd. Persónan Móri bjó við götuna.

myndin væri um þrjár sögur. Þriðja persónan, bankamaðurinn, fæddist eiginlega á þessum fyrsta fundi okkar.“

Eftir fundinn hélt Birgir heim á leið, settist við tölvuna og hóf skrif. „Prófraunin mín var fléttan. Ég skrifaði hugmynd að henni og sendi Badda. Hann veðraðist allur upp og sendi mér til baka sínar pælingar, en þá var strax orðið ljóst að það var komin saga.“

Birgir segist hafa orðið þess fullviss að hann og Baldvin væru með eitthvað í höndunum strax á fyrsta fundinum. „Það var svo mikið flæði, og þannig hefur það alltaf verið þegar við setjumst niður. Stanslaust flæði. Það hefur aldrei vafist fyrir okkur hvað við eigum að gera næst, það hefur alltaf legið fyrir hvað við eigum að gera næst. Það var bara þannig strax á þessum fyrsta fundi. Enda gerðist allt mjög hratt eftir það. Þessi fundur var í lok desember og handritið var tilbúið í lok maí og við seldum það Kisa productions þremur dögum síðar.“

„Þetta var mjög lífrænt ferli, sagan mótaðist fram á síðasta tökudag og það er gaman að lesa upprunalega handritið núna og bera það saman við myndina því það er svo margt sem breyttist í ferlinu.“

Birgir segir handritið hafa tekið töluverðum breytingum í framleiðsluferlinu. Sumir hlutir hafi ekki gengið upp tæknilega og svo hafi þeir félagar kastað á milli sín hugmyndum, enda hafi þeir verið gagn-teknir af sögunni. „Baddi lagði grunnlínurnar á fyrsta degi. Við myndum gera handritið saman og ekki væri hægt að gera breytingar á því nema við myndum samþykkja báðir. En þegar tókur á myndinni hæfust myndi hann ráða og ég vera meira

til ráðgjafar.“

Birgir tók mikinn og virkan þátt í gerð myndarinnar. Hann mætti oft á tökustað og var til ráðgjafar og fékk að sjá senur mjög reglulega sem höfðu verið teknar upp. „Ég hringdi líka oft í Badda og sagði að við yrðum að gera hlutina svona og hinsegin. Þá var það hans ákvörðun hvort hann hlustaði eða ekki, þar var skilningur okkar á milli. Það breyttust tvær eða þrjár senur degi fyrir tókur, af því að annaðhvort hann eða ég, eða leikararnir, komu með ábendingar um að gera eitthvað öðruvísi. Þetta var mjög lífrænt ferli, sagan mótaðist



HLEÐSLA 100%
ÍRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN

HLEÐSLA.IS

**EKKI VERA KLÆDDUR
EINS OG ÞÚ SÉRT BER AÐ NEDAN**

**SAMA HVAD GERIST
LÍKAMINN ÞARF HLEÐSLU**



fram á síðasta tökudag og það er gaman að lesa upprunalega handritið núna og bera það saman við myndina því það er svo margt sem breyttist í ferlinu.“

Dreymdi um svona viðtökur sem krakki

Þrátt fyrir velgengni Vonarstrætis var Birgir langt í frá sannfærður um að myndin ætti eftir að slá í gegn. „Nei, nei, nei, nei, alls ekki. En, það er kannski svolítið sjálfelskulegt að segja það, mér var bara svolítið sama. Ég var búinn að sjá myndina og var ánægður með hana og var sáttur. Það skiptir engu máli fyrir mig fjárhagslega hvort hún gangi vel eða ekki, það er búið að borga handritshöfundunum, en maður náttúrulega vildi og vonaði að henni yrði vel tekið. Ég vildi samt fyrst og fremst að hópurinn sem kom að gerð Vonarstrætis yrði glaður með hana.“

Spurður hvort þeir sem komu að gerð Vonarstrætis hafi verið sannfærðir um að myndin ætti eftir að slá í gegn segir

Birgir svo ekki hafa verið. „Ég verð eiginlega að svara þessu neitandi. Ég vil ekki nefna nein nöfn en það voru alveg leikarar í stórum hlutverkum sem voru efins um sína frammistöðu fram að frumsýningu. Þeir voru ekki sannfærðir um að þeir hefðu staðið sig nógu vel. Maður veit nefnilega aldrei hvernig viðtökurnar verða. Þegar maður til dæmis semur lag, þá getur maður farið upp á svið daginn eftir og fengið strax viðbrögð við því sem maður var að semja. Með bíómynd, þá vinnur þú í þrjú ár áður en þú færð fyrstu viðbrögðin. En það höfðu allir trú á sögunni og gáfu sig alla í listaverkið. Það er krafturinn hans Badda, hann nær að sannfæra fólk um að það geti gert mjög vel. Hann sættir sig ekki við hálfkák heldur krefst þess að þú leggir

Glaður og þakklátur

Biggi kveðst afar glaður og þakklátur eftir viðtökurnar sem Vonarstræti hefur fengið.





Á leið úr landi
Birgir og fjölskylda hyggjast
flytja til Danmerkur í haust,
en þar sem eiginkona hans
hyggst setjast á skólabeck.



hjartað þitt í vinnuna. Ef hann hefur á tilfinningunni að þú munir ekki gera það ert þú ekki réttur maður í hlutverkið. Og það voru alveg stór nöfn, sem komu til greina í hlutverk, sem dattu út í upphafi einmitt vegna þessa.“

Eins og áður segir hafa viðbrögð gagnrýnenda og áhorfenda við Vonarstræti verið ævintýri líkust. Á forsýningu myndarinnar hófust mikil fagnaðarlæti í lok myndarinnar sem vörðu allan tímann á meðan að textinn leið niður hvíta tjaldið.

„Þetta er ógeðslega góð æfing í æðruleysi. Auðvitað varð maður geðveikt glaður og þakklátur, þó að það sé klisja að segja það, en þetta opnar svo margar dyr fyrir manni. Þetta er fyrsta handritið sem ég kem að og nú gæti svo farið að ég geti lifað af því sem ég elska að gera. Maður dreymir um svona viðbrögð þegar maður er krakki. Þegar ég var ungur var ég rosalega duglegur að semja lag eða gera plötu, sannfærður um að hún væri svo ógeðslega fokking góð að ég var eiginlega búinn að taka við Íslensku tónlistarverðlaununum í higanum, áður en platan kom út. Maður var kannski svolítið hrokafullur, en ég hætti því fyrir nokkrum árum. Þegar þessi hugsun skaut upp kollinum í hausnum á mér við gerð myndarinnar ýtti ég henni jafnóðum út, því ég vissi hvað hún getur verið skemmandi. Þú verður fyrst og fremst að einbeita þér að því að sinna listaverkinu, en ekki rúnka þínu eigin egói.“

Fleiri verkefni í farvatninu

Vonarstræti heitir *Life in a Fishbowl* á ensku, eftir samnefnu lagi með Maus frá árinu 2003 af plötunni Musick. Framleiðendur myndarinnar eru bjartsýnir á að myndin verði tekin til sýninga á fjölmörgum kvikmyndahátíðum víða um heim á þessu ári.

Hvað Baldvin Z. og Birgi varðar eru þeir langt komnir með handrit að næstu mynd sem þeir ætla að gera saman. „Við erum búnir að vinna í tvö ár að næstu mynd, en hún kemur til með að fjalla um sprautufíkla á táningsaldri. Við höfum unnið mikla rannsóknarvinnu með Jóhannesi Kr. Kristjánssyni, höfum farið inn á heimili sprautufíkla og tekið viðtöl við þá



HLAÐVARP KJARNANS

Á hliðarlínunni

með Adolphi Inga

Messi, Ronaldo, Suarez og Adolf Ingi

Sérfræðingar mæta á hliðarlínuna til Dolla og fara yfir riðlana á HM, bestu leikmenn, leikskipulag og skemmtilegar staðreyndir

Smelltu hér til að sjá nánar



Dagskráin

2. júní *A-riðill* með **Illuga Jökulssyni og Guðjóni Þórðarsyni**
3. júní *B-riðill* með **Willum Þór Þórssyni og Helenu Ólafsdóttur**
4. júní *C-riðill* með **Víði Sigurðssyni og Einari Erni Jónssyni**
5. júní *D-riðill* með **Einari Loga Vignissyni og Jóhannes Karli Guðjóns.**
6. júní *E-riðill* með **Heimi Hallgrímssyni og Stefáni Pálssyni**
9. júní *F-riðill* með **Kjartan Guðmundsson og Kristjáni Guðmundssyni**
10. júní *G-riðill* með **Atla Eðvaldssyni og Hjörvari Hafliðasyni**
11. júní *H-riðill* með **Rúnari Kristinssyni og Margréti Láru Viðarsdóttur**
12. júní *Samantekt*





Bjart fram undan

Með velgengni Vonarstrætis hafa margar dyr opnast fyrir Bigga sem handritshöfundur. Hann segir sín bíða mörg spennandi og skemmtileg verkefni í framtíðinni.

á meðan þeir eru að sprauta sig. Við höfum tekið viðtöl við fimmtán og sextán ára gamla sprautufíkla í Reykjavík, sem hafa sagt okkur hvernig þeir fjármagna neysluna. Þetta verður íslensk samtímasaga, Baddi vill skjóta hana 2016 og kannski verður hún frumsýnd árið eftir.“

Auk þessa gengur Biggi með hugmyndir að fleiri kvikmyndahandritum í maganum. „Það er þekktur íslenskur leikstjóri búinn að bjóða mér að skrifa handritið að næstu myndinni hans en ég get ekki sagt að svo stöddu hver þessi leikstjóri er. Málið er komið of skammt til þess í dag.“

Á undarlegum stað í lífinu

Eins og áður segir skilaði Birgir lokaritgerðinni sinni til BS-prófs í sálfræði á dögunum. Eiginkona hans fékk nýlega inni hjá háskóla í Kaupmannahöfn, sem fjölskyldan hyggst flytja til á haustmánuðum. „Ég er á svo undarlegum stað í lífinu núna. Ég stefni enn á að verða klínískur sálfræðingur en svo er þetta kvikmyndaævintýri líka að byrja. Möguleikarnir eru



allaveg mjög skemmtilegir. Það sem ég er að gera núna, og hef reynt að gera síðustu þrjú ár, er að gera hluti sem veita mér ánægju og peninga á sama tíma, enda fjölskyldumaður. Ég hef líka ekki bara unnið við að skrifa að undanfögnu, ég vinn líka með geðfötluðum og er að spila endrum og eins með Maus. Ég vil vera maður sem getur skrifað svona þrjá daga vikunnar og unnið við að hjálpa öðru fólki þess á milli. Svo hef ég enn fáránlega hvöt til að stíga á svið annað slagið og flytja tónlist fyrir framan fólk,“ segir Birgir og hlær dátt.

„Mér finnst líka mjög mikilvægt að það komi fram að svona bíómyndir eins og Vonarstræti eru ekki verk eins manns. Myndin er ekki bara okkar Badda, þó að við höfum byrjað að skrifa hana. Það geta tveir mismunandi leikstjórar, eða tvö ólík framleiðsluteymi, tekið sama handrit og gert tvær algjörlega mismunandi bíómyndir. Önnur verður kannski frábær en hin ömurleg. Það spilar svo mikið inn í. Ég trúi því að Vonarstræti hafi gengið svona vel vegna þess að allir sem komu að gerð hennar lögðu sig alla fram og allt small út af því.“

TOPP 5 Fimm staðir þar sem tilfinnanlega vantar útisundlaugar

Þar sem sólin gyllir sundlaugina

Sumarið er tíminn. Ferðamönnum á Íslandi fjölga sem aldrei fyrr, og nú er viðbúið að fjöldi þeirra á þessu ári muni í fyrsta skipti fara yfir milljónina. Íslensku sundlaugararnar eru mikil lífsgæði sem þjóðin státar af. Ferðamenn í nærbuxum eru þar tíðir gestir, sem og Íslendingurinn sem elskar að fara í sund og sitja í heitum potti til að ræða menn og málefni. Kjarninn setti saman topp fimm lista yfir þá staði á Íslandi þar sem hann myndi helst vilja sjá útisundlaugar og tilheyrandi til að gera staðina enn eftirsóknarverðari fyrir gesti og aðkomumenn. **ÆPE**



5 Ísafjörður

Það vantar mikið útisundlaug á Ísafirði. Gamla innilaugin er vissulega sjarmerandi en það er samt alltaf eitthvað svo kauðskt að busla eða sitja kófsveittur í heitum potti innandyra. Í dag þurfa sóldýrkendur að keyra, labba eða hjóla á Suðureyri þegar þörfin til að dýfa sér í heitt vatn tekur yfirhöndina. Það er auðvitað bagalegt, þó að Suðureyri sé vissulega dásamlegur staður.





4 Borgarfjörður eystri

Í bænum Bakkagerði er dásamlegt að vera, en bærinn er flestum kunnugur sem Borgarfjörður eystri. Tónlistarhátíðin Bræðslan hefur fyrir löngu stimplað sig inn sem einn magnaðasti menningarviðburður landsins, og ferðamönnum á þennan afskekkt stað fer fjölgandi ár frá ári. Lítil útisundlaug

myndi vafalítið lyfta upplifuninni af því að heimsækja Boggann upp á annað stig. Nýverið voru teknir í notkun heitir pottar við sjávarsíðuna sem hluti af heilsulind, sem er vel, en almenningsundlaug og tilheyrandi væri án efa mikil lyftistöng fyrir staðinn.





Háskólinn
á Akureyri

Framhaldsnám í háskólabænum Akureyri

Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins
upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag.
Skemmtilegur félagsskapur. Alvöru nám.

Smelltu á þína leið:

Rannsóknartengt meistaranám
í auðlindafræðum MS

Rannsóknartengt meistaranám
í félagsvísindum MA

Framhaldsnám í
heilbrigðisvísindum MS

Heimskautaréttur
(Polar Law) LLM/MA

Rannsóknartengt meistaranám
í viðskiptafræði MS

Lögfræði ML

Menntavísindi MA

Menntunarfræði MEd



3 Grímsey

Grímsey er náttúruperla með fjölbreytt fuglalíf og eyjarskeggjar eru höfðingjar heim að sækja. Í Grímsey var byggð flott lítil innisundlaug fyrir þó nokkrum árum, en ekki fyrir svo löngu var tekinn í notkun heitur pottur fyrir gesti til að láta líða úr sér. Útisundlaug myndi vafalítið hressa

upp á staðinn, en fámennið gerir það óhjákvæmilega að verkum að þar er lítið við að vera, með fullri virðingu fyrir því sem þar þó er að finna. Útisundlaug á framandi stað, til að mynda norðan við heimskautsbaug, gæti markað Grímsey sérstöðu á markaði. Nyrsta sundlaug heims?





2 Seyðisfjörður

Ahhh... Seyðisfjörður. Einn dásamlegasti bær Íslands, sem iðar af menningarlífi, og þá sérstaklega yfir sumartímann. Gamla sundlaugin á staðnum er innandyra og heita potta er að finna á efri hæðum sundlaugarhússins. Ný og glæsileg úti-sundlaug, sem yrði hönnuð í samvinnu við þá fjölmörgu listamenn sem ráfa um götur

bæjarins að jafnaði, myndi trekkja ferðamenn enn frekar að og Norrænufarþegar myndu án vafa ílengjast aðeins lengur í bænum. Þá myndi sundlaugin auðvitað endanlega sanna gildi sitt ef það yrði nú í eitt skipti fyrir öll ráðist í jarðgangagerð undir Fjarðarheiðina, sem er löngu tíma-bær framkvæmd.





1 101 Reykjavík


Það vantar tilfinnanlega útisundlaug í miðbæ Reykjavíkur. Sundhöllin við Barónsstíg er um margt dásamleg, stökkbretti með tilheyrandi tilþrifum og heitir pottar undir berum himni, en það er ekkert skemmtilegt eða aðlaðandi fyrir barnafólk að fara með krílin sín inn í

höllina á góðviðrisdögum. Til stendur að byggja við Sundhöllina útilaug og buslsvæði, sem er fagnaðarefni. Því það er auðvitað út í hött að íbúar höfuðborgarinnar og þau hundruð þúsund ferðamanna sem hana heimsækja á ári hverju geti ekki svamlað í sólinni.



Risi í inn- og útflutningi

Guðbjörg Matthíasdóttir er búin að byggja upp veldi í íslensku atvinnulífi með kaupunum á Íslensk/Ameríska.



VIÐSKIPTI

Magnús Halldórsson

🐦 @maggihalld

Guðbjörg Matthíasdóttir, eigandi Ísfélags Vestmannaeyja, er orðin einn umsvifamesti fjárfestir á Íslandi eftir kaup á einu stærsta innflutningsfyrirtæki landsins, Íslensk Ameríska. Viðskiptin marka um margt þáttaskil á íslenskum neytenda- og smásölumarkaði, en Bert Hanson og fjölskylda hafa átt fyrirtækið allt frá stofnun árið 1964 og byggt það upp sem stórveldi á íslenskan mælikvarða, bæði í innflutningi og í innlendri framleiðslu. Egill Ágústsson, framkvæmdastjóri félagsins, hefur einnig selt hlut sinn í félaginu, en hann átti átta prósent hlut á móti 92 prósent eign Berts, eiginkonu hans og fjölskyldu dóttur hans. Íslensk Ameríska flytur inn margar af algengustu vörum sem rata í búðarkörfur Íslendinga, meðal annars Pampers-bleyjur og margvíslegar snyrti- og hreinlætisvörur frá alþjóðlega risanum Procter & Gamble, auk vörutegunda eins og Gillette, Ariel, Pringles, Always, BKI, St. Dalfour, Hersheys, Sacla, Dececco og Finn Crisp.

Samkvæmt heimildum Kjarnans nam kaupverðið (e. equity value) um fjórum milljörðum króna, en viðskiptin bíða endanlegs samþykkis samkeppnisyfirvalda.

Íslandsbanki sá um söluna

Kaup Guðbjargar, í gegnum fjárfestingarfélag sitt Kristinn ehf., áttu sér nokkurn aðdraganda en viðskiptabanki Íslensk Ameríska, Íslandsbanki, sá um söluna á fyrirtækinu. Ákveðið var að fara ekki með fyrirtækið í opið söluferli, en samkvæmt heimildum Kjarnans höfðu margir fjárfestar áhuga á þessu rótgróna og vel rekna fyrirtæki. Fljótt varð ljóst að Guðbjörg hafði áhuga á fyrirtækinu og varð þá ekki aftur snúið. Fjárfestingarfélag hennar, Kristinn, nær með kaupunum ágætu jafnvægi í rekstur sinn þegar kemur að inn- og útflutningi. Ísfélag Vestmannaeyja er sem kunnugt er eitt af stærstu útflutningsfyrirtækjum landsins í sjávarútvegi á meðan Íslensk Ameríska er með umsvifamestu fyrirtækjum í innflutningi.





Guðbjörg Matthíasdóttir

Guðbjörg er gríðarlega umsvifamikil í íslensku viðskiptalífi eftir kaupin á Íslensk Ameríska.

Traustur rekstur

Starfsmenn Íslensk Ameríska eru 370 talsins þegar allt er talið. Stór íslensk framleiðslufyrirtæki tilheyra samstæðu félagsins, Ora, Frón, Myllan og Kexsmiðjan þar á meðal, auk þess sem félagið á verðmætar fasteignir undir starfsemi á vegum félagsins.

Reksturinn hefur verið traustur áratugum saman og hafa skakkaföll vegna hrunsins ekki haft verulega íþyngjandi áhrif á reksturinn samkvæmt nýjustu ársreikningum félagsins. Á árinu 2012 námu rekstrartekjur samstæðunnar 11,1 milljarði króna og hagnaður af rekstrinum var 194 milljónir. Eignir félagsins voru metnar á 6,2 milljarða króna í lok þess árs og eigið fé nam tæplega 1,1 milljarði króna.




Verðmætar fasteignir

Samkvæmt heimildum Kjarnans eru umtalsverð tækifæri á því að styrkja félagið enn frekar, en meðal annars er mögulegt að losa um fjármuni með því að selja fasteignir í eigu þess og leigja þær síðan til lengri tíma. Auk þess hefur fyrirtækið verið rekið lengi með svipuðu sniði og vel mögulegt er að breyta innra verklagi og ná þannig fram hagræðingu og eftir atvikum nýta betur tækifæri á markaði fyrir valin vörumerki sem fyrirtækið flytur inn.

Líklegt er að Egill Ágústsson hætti sem framkvæmdastjóri félagsins en tók sæti í stjórn þess. Ekki voru öll fyrirtæki í samstæðunni, eins og hún var samkvæmt ársreikningi 2012, inni í þessum viðskiptum. Eignarhlutur í Mekka Wines & Spirits hf., sem var að 60 prósentum í eigu fyrirtækisins, hefur verið seldur til nýrra eigenda, starfsmanna fyrirtækisins að mestu. Þá eru eignarhlutir í Öskju og Tanki, sem rekur TGI Friday's veitingastaðinn, einnig verið seldur út og er ekki inni í viðskiptunum, sem bíða samþykkis Samkeppniseftirlitsins eins og áður sagði.

Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



Endalok sögulegs valdajafnvægis

Sveitarstjórnarkosningarnar um næstu helgi marka vatnaskil í kosningahegðun Íslendinga. Stefnur og fólk eru tekin fram yfir vanann.

KJÖRSTAÐUR



STJÓRNMÁL

Pórður Snær Júlíusson

🐦 @thordursnaer

Sveitarstjórnarkosningarnar sem fara fram um næstu helgi eru að mörgu leyti einar þær merki-legustu sem átt hafa sér stað hérlandis. Nýir flokkar eru að skjóta sterkum rötum, kosninga-hegðun er gjörbreytt og valdajafnvægið allt annað en þekkt hefur áður í Íslandssögunni. Hluti hefðbundnu stjórnmalaflokkanna virðist hafa vanmetið stórkostlega hvað það er sem skiptir kjósendur mestu máli og gömlu kosninga-brögðin hafa alls ekki virkað.

Þíratar stimpla sig inn með látum

Í höfuðborginni Reykjavík heldur landslagið áfram að vera gjörbreytt frá því sem var fyrir hrún. Það er í raun vart þverfótað fyrir stórtíðindum í því pólitíska landslagi sem er að myndast. Fyrst ber að nefna það mikla fylgi sem Þíratar hafa

„Árangur Þírata er sérstaklega athyglisverður vegna þess að aðalstefnumál Þírata eru gagnsæi í aðgengi að upplýsingum og beint lýðræði.“

sópað til sín. Þeir hafa verið að mælast með nokkuð stöðugt tíu prósentu fylgi í Reykjavík undanfarna mánuði, þótt þeir hafi dalað eilítið síðustu daga. Það skilar þeim mjög örugglega einum borgarfulltrúa og þeir þurfa ekki að bæta miklu við til að ná inn öðrum. Þau sem standa að framboðinu eru aðallega ungt fólk. Í sumum nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur eru meira að segja tánningar á lista yfir efstu menn. Það hlýtur að vera gleðiefni fyrir lýðræðið að ungt fólk sé að gefa sig að stjórnmalabátttöku með svona afgerandi hætti.

Árangur Þírata er sérstaklega athyglisverður vegna þess að aðalstefnumál Þírata eru gagnsæi í aðgengi að upplýsingum og beint lýðræði. Þeir eru lítið að spá í skipulagsmál, samgöngumáta, flugvelli, leikskóla eða frístundakort. Mikið fylgi Þírata sýnir einfaldlega að þessar áherslur skipta marga, sérstaklega ungt fólk, mjög miklu máli.

Líkt og Dagur sé einn í framboði

Samfylkingin verður annar sigurvegari kosninganna. Ef fer sem horfir verður hún langstærsta stjórnmalaafl borgarinnar



og stuðningur við Dag B. Eggertsson sem næsta borgarstjóra er nánast sláandi afgerandi. Samkvæmt skoðanakönnunum vilja 63 prósent hann í stólinn.

Samfylkingin hefur að mörgu leyti nýtt sér þennan meðbyr mjög skynsamlega í kosningabaráttunni. Allur fókus hennar hefur verið á Dag. Aðrir frambjóðendur hafa lítið sem ekkert sést, alla vega ekki í fjölmiðlum. Degi hefur líka tekist einstaklega vel að eigna sér stærstu verk síðasta kjörtímabils, aðstandendum Bjartrar framtíðar til mikillar mæðu. Í raun er Samfylkingin í borginni í þeirri stöðu, og hefur verið um margra vikna skeið, að hún þarf ekkert að gera til að ná í fylgið. Hún getur



Aðalmaðurinn

Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar, hefur tekist vel að stimpla sig inn í kosningabaráttunni.

Mynd: Birta Rán / Facebook-síða x-S

bara tapað því með afleikjum. Þess vegna hefur áherslan verið á að blanda sér sem minnst í allar deilur.

Staðan í Reykjavík er enn merkilegri þegar horft er til þess að Samfylkingin mun bíða afhróð á flestum stöðum annars staðar á landinu og fékk hræðilega útkomu í síðustu þingkosningum. Það er í raun bara í Reykjavík sem hún getur státað af því að vera alvöru afl. Á flestum öðrum stöðum tekur Björt framtíð gríðarlega mikið frá henni.

Varnarbarátta afkvæmis Besta

Í höfuðvíginu Reykjavík er Björt framtíð hins vegar að heyja mikla varnarbaráttu. Það lá alltaf ljóst fyrir að flokkurinn myndi ekki ná þeim hæðum sem Jón Gnarr fór með hann í, enda fylgið þá að einhverju leyti bundið við hann persónulega. Auk þess var Besti flokkurinn ekki stjórnmalaflokkur, sem Björt framtíð er sannarlega. Þau reyna að halda í sniðugheitin sem gerði Besta flokkinn svo ómótstæðilegan fyrir



Náði gríðarlegum hæðum

Jón Gnarr hefur verið vinsæll borgarstjóri og naut mikils fylgis í síðustu kosningum sem og könnunum áður en hann tilkynnti brotthvarf sitt úr skipulögðu stjórnmalastarfi.

Mynd: Anton Brink

var frábært, óþvingað og sniðugt er „Ertu til í Reykjavík“ rembingslegt og þunnt.

Stærsti sigur Bjartrar framtíðar verður sá að hafa fest þennan nýja stjórnmalaflokk í sessi. Hann býður fram í níu sveitarfélögum og nær líklega inn manni í þeim öllum. Í Reykjavík verður að líta á það sem varnarsigur ef flokkurinn nær að halda í rúmlega 20 prósentu fylgi og fjóra borgarfulltrúa.

Íhaldssöm nálgun þurrkar út fylgi

Þar sem einhverjir sigra tapa einhverjir líka. Og í Reykjavík eru tapararnir aðallega tveir: ríkisstjórnarflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur.

Staða Sjálfstæðisflokksins í borginni er í raun ótrúleg. Flokkurinn fékk tæplega 34 prósent atkvæða árið 2010 og var litið á þá niðurstöðu sem afhroð. Sögulega er hann vanur því að vera með hreinan meirihluta í höfuðborginni. Nokkrum dögum fyrir kosningar nú mælist flokkurinn með rétt rúmlega 20 prósentu fylgi og er í bullandi hættu á að enda með þrjá borgarfulltrúa. Ástæður þessa eru mýmargar. Óvinsældir ríkisstjórnarinnar spila þar vissulega rullu. Hatrammt uppgjör milli íhaldsanga borgarstjórnarflokksins og þess frjálshlynda, sem kristallaðist í brotthvarfi Gísla Marteins

mörgum í síðustu kosningum með því að hugsa út fyrir rammann í auglýsingum og framsetningu. Sumt hefur gengið vel. Þar ber helst að nefna „Æ <3 RVK“ herferðina og notkunina á samfélagsmiðlum, þar sem þau hafa meðal annars kynnt frambjóðanda dagsins. Annað hefur gengið verr, eins og kosningalag Bjartrar framtíðar. Á meðan „Við erum best“

Baldurssonar úr stjórnmalum og sigri þriggja miðaldra karla yfir þremur ungum frjálslyndum konum í prófkjöri flokksins skiptir þó líkast til höfuðmáli.

Mennirnir þrír hafa tekið afstöðu í risamálum á borð við



veru flugvallarins í Vatns-
mýrinni, nýs aðalskipulags
og skjaldborg um einkabílinn
sem talaði vel til hluta fólks
á miðjum aldri í úthverfum
borgarinnar en þurrkaði hann
nánast út á meðal ungs fólks í
þéttbýlli hlutum hennar. Ný-
legar kannar sýna að í yngsta
aldurshópi kjósenda styður
einungis einn af hverjum tíu
Sjálfstæðisflokkinn.

Þegar horft er yfir allt
landið virðist Sjálfstæðis-
flokkurinn einungis vera að
halda sínu í þeim sveitar-

félögum þar sem hann hefur verið svo einráður að nær
lagi væri fyrir hann að fá einkaleyfi fyrir þeim. Þau eru
Seltjarnarnes, Garðabær, Mosfellsbær og Vestmannaeyjar.
Utan Reykjavíkur verður tapið líkast til mest í Reykjanesbæ.

Eftir kosningar blasir við að Sjálfstæðisflokkurinn þarf
að ráðast í alvarlega naflaskoðun í Reykjavík nema hann vilji
einfaldlega breyta eðli sínu og hætta að vera sú breiðfylking
sem hann einu sinni var.

Ein ótrúlegasta kosningabaráttan í manna minnum

Framsóknarflokkurinn hefur, að öðrum ólöstuðum, átt þessa
kosningabaráttu með húð og hári. Það var ekki alveg ljóst
hvers konar plan var lagt upp með í Reykjavík fyrir þessar
kosningar þegar Óskar Bergsson var dubbaður aftur upp
sem oddviti. Óskari gekk ekkert að hífa upp fylgið þrátt
fyrir að reyna nokkur töfrabrögð. Það eftirminnilegasta
snerist um að lýsa áhyggjum af stöðu kristni í grunnskólum.

Oddviti Sjálfstæðisflokksins

Halldór Halldórsson fer fyrir
framboði sjálfstæðismanna
í borginni. Flokkurinn hefur
nú mælst með um og yfir 20
prósenta fylgi, mun minna en
hann hafði í síðustu kosning-
um og þeim mun minna en
flokkurinn hefur verið með
sögulega.

Mynd: Facebook-síða x-D



Í hugum margra var það túlkað sem tilraun til að ná til þess jaðars sem setur himnafeðgana framur öllu öðru í lífinu. Í byrjun apríl varð Óskari ljóst að þetta væri ekki að ganga.

Flokkurinn var að mælast með um þriggja prósentustiga fylgi og hann steig til hliðar.

Ýmsir voru nefndir sem arftakar hans.

Sá sem lét mest í það skína að verið væri að ganga á eftir sér var gamli formaðurinn Guðni Ágústsson. Þeir sem þekkja til innan Framsóknar segja reyndar að Guðni hafi sótt það mun fastar á bak við tjöldin að fá oddvitastöðuna en að nokkur hafi lagt slíkt að honum. Það lá alltaf ljóst fyrir að þetta yrði erfið barátta fyrir Guðna. Hann ætlaði sér nefnilega að gera skjaldborg um flugvöll í Vatnsmýrinni að aðalkosningamáli sínu. Nokkrum árum áður, þegar hann var þingmaður Suðurlands, hafði þessi sami Guðni hins vegar lýst þeirri skoðun sinni yfir að allt innanlandsflug ætti að flytjast til Keflavíkur. Þá eru vandfundnir harðari baráttumenn fyrir sérhagsmunum landsbyggðar og landbúnaðar á kostnað þéttbýlis og neytenda.

Korteri áður en Guðni átti að tilkynna opinberlega um framboðið hætti hann við.

Og nú var vesen. Mjög stutt var í að skila þurfti inn listum og Framsókn gaf sér einungis nokkra daga til að manna sinn að nýju. Niðurstaðan varð framboðið sem Guðni þráði – en sagðist ekki hafa fengið – Framsókn og flugvallarvinir. Í oddvitasætið settist hin tiltölulega óþekktu Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands framsóknar-kvenna. Sveinbjörg var þó ekki óþekkt lengi.

Hún kynnti sig til leiks með því að tengja Vatnsmýrar-deilurnar við gjaldeyrishöftin og sagðist óttast draugabyggð Mið-austurlandabúa þar. Síðan hefur vart liðið sá dagur að Sveinbjörg hafi ekki hlaðið í nýtt útspil sem hefur einokað



Var fljót að kynna sig

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina, var fljót að koma sínu að í kosningar-baráttunni. Það virðist þó ekki hafa skilað sér í auknum stuðningi enda mælist framboðið enn með undir fimm prósent í skoðanakönnunum.



fyrirsagnir fjölmiðlanna. Þau nýjustu snúast annars vegar um þá afstöðu hennar að draga eigi til baka úthlutun lóðar undir mosku og sú fullyrðing að til standi að byggja Sovét-blokkir í Laugardalnum.

Erfitt er að átta sig á því hvort áherslur Sveinbjargar séu bara klaufaskapur eða þaulhugsuð strategía. Mörgum hefur fundist þær bersýnilega eiga að höfða til lægsta samnefnarans. Þær ala á hræðslu við hið óþekkta með raka-lausum staðhæfingum.

Samfélagsmiðlar og kommentakerfi hafa ekki hneykslast jafn mikið á einum stjórnámálanum frá því að Vigdís Hauksdóttir var upp á sitt besta. Og því meira sem hneykslast var á Sveinbjörgu, því meira varð fylgið. Í vikunni fyrir kosningar var það sums staðar að mælast yfir fimm prósentum. Þá er bara rúmt prósent í að ná manni inn. Ef það tekst verður það að teljast ákveðið pólitískt afrek hjá Sveinbjörgu. En kannski yrði það bara ótrúleg heppni að ramba inn á það. Ef hún nær ekki inn má Framsóknarflokkurinn hafa af því miklar áhyggjur. Hann verður þá án borgarfulltrúa annað kjör-tímabilið í röð. Þegar horft er til þess að formaður flokksins er úr Reykjavík verður sú staða enn alvarlegri.

Framsókn er auk þess að hverfa á flestum stöðum á landinu. Draga verður þá ályktun að verið sé að refsa flokknum fyrir frammistöðu hans í ríkisstjórn.

Erfið barátta minni framboða

Baráttan er búin að vera erfið fyrir Vinstri græn. Samkvæmt mælingum hefur fylgið verið að tínast hægt og rólega af flokknum og kynning hans á helstu áherslum, sem sneru meðal annars að gjaldfrjálsum leikskóla, gerðu ekkert til að stöðva þá niðurferð. Um tíma leit út fyrir að Sóley Tómasdóttir, oddviti flokksins, væri í hættu á að detta út. Það er erfitt að festa fingur á hvað það er sem hefur valdið þessari stöðu. Svo virðist sem félagshyggjufólk velji frekar aðra valkosti á borð við Samfylkingu og Bjarta framtíð. Erfitt prófkjör innan Vinstri grænna, þar sem hart var tekist á um að leiða listann, skildi líka eftir sig pirring og ákveðið stemmningsleysi.






LÁGMÚLI 5 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 533 5252 | WWW.UMSLAG.IS



YKKAR ÖRYGGI
OKKAR ÁBYRGÐ

ER PRENTUN Á ÁRSSKÝRSLU FRAMUNDAN? Við hjá Umslagi sérhæfum okkur í vinnslu á trúnaðargögnum.



- ISO 27001 vottun
- Svansvottun
- Framúrskarandi fyrirtæki 2013
- Prentun
- Pökkun
- Póstsendum
- 100% trúnaður

Fáðu tilboð
sími 533 5252
www.umslag.is



Kiðtu á okkur á
facebook.com/umslag

Á síðustu metrunum virðist hins vegar eitthvað vera að gerast og fylgi Vinstri grænna tók lítið stökk upp á við í lokavíkunni fyrir kosningar. Nú mælist flokkurinn með meira fylgi en hann gerði í kosningunum 2010. Það er þó töluvert í að Líf Magneudóttir, sem situr í öðru sæti listans, nái inn.

Dögun er framboð sem er að fiska í sömu félagshyggju-tjörninni og Vinstri græn, en með litlum árangri. Áherslur framboðsins virðast ekki hafa náð að heilla kjósendur og orka frambjóðenda þess hefur aðallega farið í að kvarta, að sumu leyti réttilega, yfir því að það sé sniðgengið í umfjöllun stærri fjölmiðla um borgarstjórnarkosningarnar.

Söguleg tíðindi í farvatninu

Grófu línurnar virðast liggja fyrir. Samfylkingin mun fá að minnsta kosti fimm borgarfulltrúa og mun berjast um þann sjötta. Björt framtíð er fjarri árangri Besta flokksins en mælist samt stærri en Sjálfstæðisflokkurinn, sem horfir framan í sögulegt afhroð. Hvort framboð fær líkast til fjóra borgarfulltrúa. Píratar eru öruggir inni með einn mann en hafa verið að tapa einhverju fylgi til Vinstri grænna á lokasprettinum. Þessi tvö framboð gætu háð æsispennandi kapphlaup um að ná inn öðrum borgarfulltrúa. Þar gæti ýmislegt unnið með Vinstri grænum og ber þar helst að nefna mun skipulagðara flokkastarf sem skilar fleirum á kjörstað. Helstu stuðningsmenn Pírata, ungir karlmenn, eru líka einna ólíklegastir allra til að mæta á kjörstað þegar á hólminn er komið.

En hvernig sem fer verða niðurstöðurnar sögulegar. Í þeim mun endurspeglast breytt viðhorf Íslendinga til stjórn-mála og möguleg endalok þeirrar tryggðar sem fólk sýndi áður einum flokki sama hvað gekk á. Viðmót kjósenda er að verða sjálfhverfara og þeir láta sig nærumhverfi sitt varða.

Sögulegar kosningar

Margt bendir til þess að kosningarnar á laugardaginn verði sögulegar



Línur eru teknar að skýrast í kosningabaráttunni í Reykjavík, sé miðað við skoðanakannanir og kosningaspá Kjarnans og doktors Baldurs Héðinssonar. Þegar tveir dagar eru til kosninga, er Dagur B. Eggertsson með pálmann í höndunum, en fylgi Samfylkingarinnar mælist nú ríflega 30 prósent á meðan Björt framtíð hefur verið að sveiflast í skoðanakönnunum. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn eru heillum horfin.




Smelltu hér til að hlusta á þáttinn



Kjarnaofninn er liður í kosningumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjstu kosningaspá gerð 28. maí 2014 og síðustu fimm spár til samanburðar



REYKJAVÍK Samfylkingin aldrei stærri þremur dögum fyrir kosningar

Framsókn nær kjöri á kostnað Sjálfstæðismanna

Könnun MMR, sem birt var í gær, hefur nokkuð afgerandi áhrif á kosningaspá Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði. Þó fylgisbreytingarnar séu almennt ekki miklar (innan við eitt prósentustig), tapar Sjálfstæðisflokkurinn einum fulltrúa til Framsóknar og flugvallavina. Samkvæmt spánni er Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir oddviti B-listans síðasti frambjóðandinn sem nær kjöri. Þetta er í fyrsta sinn sem listinn mælist með nægjanlegt fylgi til að fá mann kjörinn.

Samfylkingin er enn stærsta framboðið í borginni og hefur aðeins einu sinni áður mælst með meira fylgi síðan fyrsta kosningaspáin var birt. Samfylkingin heldur fimm borgarfulltrúum og Björt framtíð er enn næst stærsta framboðið, með fjóra kjörna fulltrúa. Þess ber þó að geta að munurinn á fylgi Sjálfstæðisflokks og Bjartar framtíðar er langt innan vikmarka.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallavina er veltur í fimmtánda sætinu því næsti fulltrúi inn er Áslaug Friðriksdóttir frá D-lista og þar á eftir sjötti fulltrúi á lista Samfylkingarinnar. **BPB**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. [Nánar](#)

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 28. maí 2014




Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

1 S1	6 D2	11 Æ3	16 D4
2 Æ1	7 S3	12 D3	17 S6
3 D1	8 Þ1	13 S5	18 Æ5
4 S2	9 S4	14 Æ4	19 D5
5 Æ2	10 V1	15 B1	20 Þ2

- BF Björt framtíð
- FF Framsóknarflokkur
- LF Sjálfstæðisflokkur
- DF Dögun
- VF Vinstri grænir
- ÞF Pirataflokkurinn
- RF Samfylkingin



Vikmörk í nýjustu spá

B 1,7%	V 1,9%
D 3,0%	Þ 2,0%
S 3,4%	Æ 3,0%
T 1,0%	

Kannanir í nýjustu spá


Gerð 26. mars 2014

- Félagsvísindastofnun 12. til 15. maí 2014
- Capacent 7. til 21. maí 2014
- MMR 20. til 23. maí 2014
- MMR 26. til 28. maí 2014

Kjarninn 29. maí 2014

Á barmi hraðrar útrásar

Fyrirtækið Ævispor leitar nú fjármagns í hjarta nýsköpunargeirans, Kaliforníu.



Hjónin Sveinn Kristjánsson og Stefanía Sigurðardóttir stofnuðu fyrirtækið Ævispor, eftir að hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika í kjölfar þess að Sveinn greindist með krabbamein. Nú, fimm árum síðar, er fyrirtækið að fjármagna metnaðarfull áform í Bandaríkjunum; samfélagsmiðil þar sem fólk getur haldið utan um sínar dýrmætustu minningar og miðlað þeim til sinna nánustu. **MH**

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÓ SPURNINGAR
Aldís Pálsdóttir
 Ljósmyndari

Þolir ekki bilaðar græjur

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Blóm, knús og bros frá börnunum mínum.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Úff! Hélt að þetta væri auðveldi spurningin! Eitthvað sem gleður augað. Hvort sem það er list, augnablik, minning, eða spil milli ljóss og skugga. Ég er alltaf að rannsaka eitthvað svoleiðis, og hef áhuga á því sem er fallett á sinn hátt?

Hvaða bók last þú síðast?

Ég les allt of lítið. Ég las Andrés-blað síðast fyrir börnin mín. Ég glugga stundum fyrir sjálfa mig

í bókina Gæfuspor, „Gildin í lífinu“ eftir Gunnar Hersvein. Ætla mér að lesa Alkemistann á næstu dögum. Annars les ég bara í ljósmyndir.

Ef þú mættir fara til útlanda á morgun og mættir velja hvaða land sem er, hvert myndir þú fara?

Ég myndi fara til Parísar á morgun, liggur bara þannig á mér í dag.

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Úff! Ég á erfitt með að treysta þessari stétt. Held að allt of margir segi bara það sem þeir halda að við viljum heyra. Eða segja það sem þeim er sagt að segja. Ég hef þó hitt nokkra, sem eru einlægt og

gott fólk, svo að hér hentar engan veginn fyrir mig að vera með einhverjar alhæfingar.

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Heyr Himnasmiður eftir Þorkel Sigurbjörnsson.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óréttlæti án efa!! Svo fer líka í mínar fínustu, þegar nútímagræjur eins og tölvur, símar, myndavélar og þess háttar virka ekki sem skyldi og bila og ég kann ekki að laga það! Er ekki hægt að finna eitthvað App við því?!

kjarninn 29. maí 2014

f Facebook



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

Fallega hugsað að leyfa þeim sem engu fá að stýra eftir kosningar að stýra umræðunni fyrir kosningar.

Miðvikudagur 28. maí



HALLA GUNNARSDÓTTIR

Það er nú ekki öðruvísi en einmitt þannig að eftir eina viku kem ég heim. Þá ætla ég í heita pottinn.

Miðvikudagur 28. maí



HRAFN JÓNSSON

Nú þegar búið er að hamra mann í hausinn með nektarmyndatöku sem gifurlega illa duldrí allegoríu fyrir opna stjórnsýslu má loks hefja

lífslokameðferð á þessari kosningabaráttu.

Miðvikudagur 28. maí

BAKHERBERGIÐ

Þú ekki nógu hátt í Olís

Olís hefur verið í söluferli að undanfögnu og margir fjárfestar á íslenska markaðnum hafa sýnt því áhuga að kaupa í þessu rötgróna félagi. Núverandi eigendur, þar á meðal forstjórinn Einar Benediktsson, Gísli Baldur Garðarsson hrl., FISK Seafood og Samherji, vildu hins vegar fá hærra verð fyrir félagið en fjárfestar voru tilbúnir að greiða. Það nam ríflega fjórum milljörðum en eigendur félagsins vildu fá ríflega fimm milljarða. Einar hyggst hætta sem forstjóri félagsins í haust en vera áfram í eigendahópnum með um tólf prósent eignarhlut. Í það minnsta um sinn.

Twitter



HILDUR SVERRISDÓTTIR @hildursverris

Frjálslyndi er málið. Annað er fordómafull afskiptasemi og er ekki grunnurinn að betri borg. Áfram umburðarlyndi!

Miðvikudagur 28. maí



HALLGRÍMUR ODDSSON @hallgrimuro

Ekki láta það koma ykkur á óvart ef kosningaprófið á @eyjan .is mæli alltaf með því að kjósa Framsókn.

Miðvikudagur 28. maí



MARÍA LILJA ÞRASTAR. @marialiljath

Ég elska Berlín. Mikið væri nú gott að nota Vatnsmýrina undir fólk, ekki flugvélar!

Miðvikudagur 28. maí

Harðar deilur um höfuðstöðvar Landsbankans

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur ítrekað á það minnst opinbera að honum hugn-ist ekki uppbygging Landsbankans á nýjum höfuðstöðvum skammt frá Hörpunni, en bankinn hefur hug á því að reisa þar stóra byggingu undir starfsemi sína. Steinþór Pálsson bankastjóri hefur sagt að bankinn verði að byggja nýjar höfuðstöðvar og vill ekki að þingmenn séu með puttann í því sem bankinn er að gera. Það verður spennandi að fylgjast með því hvor hafi betur í þessari deilu; Landsbankinn sjálfur eða forsætisráðherrann.

SENNHEISER

UPPLIFÐU
ALVÖRU
GÆÐI

PFAFF



DW Office
þráðlaust heyrnartól

- hljómgæði - hljóðvernd - hönnun og þægindi.
- Drægni 55 metrar innan skrifstofu - 180 í beinni línu

Verð frá 47.900 kr.

SÍMSTÖÐ SL1100 FRÁ NEC



Einföld og öflug símstöð fyrir allt að 72 notendur og 36 bærjalinur.
Verð 114.900 Kr.

SENNHEISER HEYRNARTÓL FYRIR ÞJÓNUSTUVER OG SKRIFSTOFUR



SC heyrnartól
Verð frá 9.995 kr.



SH heyrnartól
Verð frá 15.900 kr.



CC heyrnartól
Verð frá 26.900 kr.

Nánari upplýsingar: síamamal@pfaff.is

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

NEC **SENNHEISER**

kjarninn 29. maí 2014



Smelttu á myndirnar til að sjá þær
stærri og lesa um augnablikin





Sautján marka sigurvegari

Portúgalski framherjinn Cristiano Ronaldo fagnar markinu sínu í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu með því að hnykla vöðvana ber að ofan. Real Madrid, lið Ronaldo, lagði nágranna sína í Atletico Madrid 4-1. Mark Ronaldo var það sautjándi sem hann skoraði í meistaradeildinni þetta tímabilið.

Mynd: AFP





Sjálfstæðisflokkurinn stærstur

Gengið var til kosninga til Evrópuþingsins um síðastliðna helgi. Í Bretlandi hlaut UKIP, sjálfstæðisflokkur Breta, mest fylgi allra framboða. Leiðtogiinn Nigel Farage var að vonum ánægður, enda hefur umræðan um aðild Breta að Evrópusambandinu aldrei verið eldfimari en einmitt núna.

Mynd: AFP





Byssulöggjöfin aftur til umræðu í BNA

Elliot Rodger skaut sex til bana og særði þrettán áður en hann svipti sig lífi í Santa Barbara í Kaliforníu á laugardag. Faðir eins fórnarlambins segir (sjá myndband) að sonur sinn hafi fallið vegna þess að veikur maður gat keypt vopn löglega, án þess að stjórnvöld reyndu nokkuð til að koma í veg fyrir það.

Mynd: AFP





Kosningar í Sýrlandi

Þrátt fyrir hörmulega borgarastyrjöld í Sýrlandi, milli stjórnarhers Bashar al-Assads forseta og uppreisnarmanna, verða haldnar forsetakosningar í landinu 3. júní. Stuðningsmenn Assads hafa komið fyrir risastórum auglýsingaspjöldum í höfuðborginni Damaskus af sitjandi forseta.

Mynd: AFP





Mannfall í Úkraínu

Átökin milli stjórnvalda í Úkraínu og stuðningsmanna Rússa í austurhluta landsins eru blóðug. Úkraínustjórn tilkynnti á dögunum að lið þeirra hafi náð flugvælinum í Donetsk eftir sólahringslangar loftárásir og harða bardaga. Hér sjást uppreisnarmenn bera lík félaga síns, sem lést í átökunum, úr flutningabíl.

Mynd: AFP





SPES Andstuttur spennufíkill olli þriggja bíla árekstri í undirgöngum í Bandaríkjunum

Leið út af eftir að hafa haldið í sér andanum

Nítján ára gamall bandarískur karlmaður, Daniel J. Calhon, varð valdur að þriggja bíla árekstri í undirgöngum í Oregon-ríki á dögunum. Calhon hélt í sér andanum á leið sinni í gegnum göngin, með þeim afleiðingum að hann leið út af og keyrði framan á jeppa sem kom akandi úr gagnstæðri átt.

Báðir bílarnir skullu utan í vegg ganganna áður en þriðji bíllinn, pallbíll, skall á þeim. Calhon og farþegi hans voru fluttir á slysideild eftir áreksturinn með

minniháttar meiðsli, ásamt öikumanni og farþega jeppabifreiðarinnar. Aðrir slösuðust ekki.

Haft er eftir lögregluþyriföldum í Oregon í bandarískum fjölmiðlum að sumir geri sér að leik að halda í sér andanum á leið í gegnum undirgöng, eða vegna hjátrúar. Göngin þar sem áreksturinn varð eru 235 metra löng, sem þýðir að bifreið á löglegum hraða hefði verið tíu sekúndur í gegnum göngin.

Hinn andstutti Calhon var kærður fyrir að stofna lífi og limum vegfarenda í hættu með athæfinu.

SMASSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

kjarninn 29. maí 2014

Platlýðræði, rökvilla eða geðveiki?

Ása Lind Finnbogadóttir skrifar um kerfisbundna þöggun stóru fjölmiðlanna gagnvart sumum framboðum.

Það er frekar óþægileg staðreynd að átta sig á því árið 2014 á Íslandi að maður býr í raun ekki í lýðræðisríki. Seinast þegar ég vissi var það nauðsynlegur hluti af lýðræði að kynna alla valmöguleika fyrir fólki og gefa því kost á að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli.

Núna fyrir sveitarstjórnarkosningar hefur borið meira og meira á því að ýmsir stórir fjölmiðlar hafa kerfisbundið þaggað niður í litlu flokkunum sem eru að bjóða sig fram. Rökin sem gefin eru fyrir þessari þöggun eru margs konar en þó aðallega af tvennum toga: að þau bjóði bara þeim flokkum sem eru með þingmenn eða þeim sem ná yfir 5% í skoðanakönnunum. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá að þessi rök eru ekki bara ólýðræðisleg og viðhalda ríkjandi valdakerfi heldur fela þau einnig í sér ákveðna rökvillu.



Sú rökvilla kallast á máli rökfræðinnar hringskýring. Hringskýring felur það í sér að forsenda skoðunar er útskýrð með skoðuninni sjálfri og er því ekki raunverulega skýring. Tökum dæmi: Ef ég segi að Guð sé almáttugur og einhver spyr mig hvernig ég viti það og ég svara með því að vísa í orð Biblíunnar getur sá hinn sami spurt mig hvernig ég viti að Biblían segi sannleikann. Ef ég svara með því að segja að auðvitað sé það satt þar sem Guð almáttugur hafi skrifað biblíuna segir sig sjálft að þarna er ég komin í hring og engin rök sem halda vatni eru þarna á ferðinni.

„Nú, hvers vegna eru þeir með þessa þöggun? Nú, vegna þess að við erum ekki með nógu mikið fylgi!“

Ef við færum þetta yfir í kosninga-
veruleikann getur hringskýring litið svona út: Hvers vegna eru þið ekki að mælast með neitt fylgi? Líklega vegna þess að ákveðnir sterkir fjölmiðlar og aðrir viðhafa kerfisbundna þöggun á framboðinu. Nú, hvers vegna eru þeir með þessa þöggun? Nú, vegna þess að við erum ekki með nógu mikið fylgi! Þetta sér hver maður að þetta eru ekki vænleg og málefnaleg vinnubrögð og viðhalda

eingöngu ríkjandi valdhafa. Þetta fellur alla vega ekki inn í skilgreininguna á lýðræðisríki eins og ég skil það.

Skemmtilegasta útfærslan á þessari rökvillu er úr gömlu áramótaskaupi frá því snemma á níunda áratugnum þar sem fréttamaður er að taka viðtal við tvo afdala bændur í Laugar-
dalnum. Þar eru þeir spurðir hvort þeir séu með síma. „Nei, við erum ekki með neinn síma.“ Nú, hvers vegna eruð þið ekki með neinn síma spyr fréttamaðurinn. „Nú, vegna þess að það hringir aldrei neinn í okkur“. Fréttamaðurinn spyr þá í samúðartón: „Hvers vegna hringir aldrei neinn í ykkur?“ „NÚ VEGNA ÞESS AÐ VIÐ HÖFUM EKKI SÍMA!“ hreyta þeir í fréttamanninn.

Einhverjir gætu sagt að það sé engin skylda fyrir frjálsa fjölmiðla eða félagasamtök að bjóða öllum með og vissulega er enginn lagalegur grunnur sem kveður á um það. Þessi skylda er hins vegar siðferðileg og enn fremur málefnaleg skylda í lýðræðisríki ef fólk vill láta taka sig alvarlega sem

fjölmíðil að mínu mati. Nú er ég heldur ekki að segja að ástæðan fyrir lágu fylgi standi og falli eingöngu með umfangllun tiltekinna blaða. Vissulega er fólk hrætt við nýjungar og hræðist að atkvæði þess nýtist ekki sem skyldi. Það er auðvitað annað mál að eiga við hegðun og hugsun almennings og hvernig þeir mynda sér skoðanir. En ég held að margir geti viðurkennt að Íslendingar eru ansi fljótir að gleyma og falla fyrir sömu loforðum sömu flokka kosningar eftir kosningar þrátt fyrir að þau séu mjög oft svikin. EINHVERS staðar sá ég skilgreiningu á geðveiki sem að gera alltaf sama hlutinn aftur og aftur og búast við nýrri útkomu. Dæmi nú hver fyrir sig.

Pírúetta Póllands

Andrew Kureth skrifar um pólitískar og efnahagslegar breytingar í Póllandi á síðustu 25 árum.

Okkur lá á, svo ég greip dóttur mína og við höldum í átt að inngangi verslunarmiðstöðvarinnar. Við vorum að verða of sein í danstímann hennar og ég hafði gleymt sérstöku danskónum hennar.

Ég smeygði mér á milli bílanna á bílastæðinu fyrir utan (á meðal þeirra BMW, Audi og Lexus jepplingar), með dóttur mína í eftirdragi, inn í verslunarmiðstöðina og upp rúllustigann.

Vinsældir dansskólans hafa aukist gríðarlega á síðustu árum og útibú frá honum hafa verið opnuð víða í Varsjá. Námskeiðin eru mjög fjölbreytt. Allt frá Zumba til hip-hops og mæðrabarna tíma. Blessunarlega fyrir mig var lítil verslun í því útibú sem við vorum að fara í sem seldi tutu-pils og dansskó fyrir fjögurra ára stúlkur.

Afgreiðslumaðurinn straujaði greiðslukortið mitt og afhenti mér varninginn sem ég var að kaupa. Við dóttir mín flýttum okkur inn í búningsherbergið og ég náði að klæða hana í dansfötin rétt í þann mund sem tíminn var að hefjast.



Á meðan hún hljóp flissandi til dansfélaga sinna dró ég djúpt andann og slakaði á. Ég ákvað að leyfa mér kaffibolla og bakkelsi í litlu kaffihúsi sem var tengt dansskólanum á meðan ég beið eftir að tíminn hennar kláraðist.

Ég saup á cappuccino-bollanum mínum og lagðist í uppáhalds dægradvöl mína: að fylgjast með fólki. Hópurinn sem sat á sófum sem voru í anddyri verslunarmiðstöðvarinnar var að mestu samansettur af sérfræðingum á mínum aldri, pikkandi á fartölvurnar sínar eða skrunandi gegnum samfélagsmiðla á snjallsímunum sínum.

„Sá dans sem Pólland hefur stigið síðastliðinn 25 ár er óviðjafnlegur. Ég get ekki beið eftir því að sjá hver næstu dansspor verða.“

Ég horfði á alla þessa Pólverja fljóta í rólegheitum í gegnum daglegt amstur sitt sem er nú svo svipað því sem tíðkast á Vesturlöndum og það sló mig hvað Pólland hefur umbreytt mikið á þeim 25 árum sem liðin eru frá árinu 1989.

Nánast allt sem ég hafði upplifað þennan dag hefði verið ómögulegt þá. Einkafyrirtæki hefði aldrei séð um danskennslu fyrir börn, og hvað þá fyrirtæki í verslunarmiðstöð að Vesturlandafyrirmynd. Að slíkt fyrirtæki gæti þrífist á þeim tíma var ómögulegt. Að það hefði getað bætt við sig nýjungum á borð við verslun og kaffihúsi til að auka tekjur sínar hefði ekki einu sinni getað orðið að hugmynd, hvað þá veruleika.

En það var líka oft á tíðum áskorun að koma höndum yfir hversdagslegan varning. Sú sýn að sjá hóp sérfræðinga á miðjum aldri í ítölskum hönnunarfötum að hafa ofan af fyrir sér með nýjastu vörunum sem búnar voru til í Sílikondalnum hefði í besta falli verið fallegur draumur.

Gleymið Bimmunum og Lexusunum. Fiat 500 var lúxus á þessum tíma sem fáir gátu eignast. Að borga með greiðslukorti? Árið 1989 var erfitt að koma höndum yfir reiðufé – verkamenn fengu oft greitt í skömmtunarmiðum. Ef þú eignaðist einhverja bandaríska dali gastu heldur betur hugsað þér gott til glóðarinnar. Þú gast flýtt þér í næstu

Pewex-verslun (ríkisrekin verslun sem tók við erlendum gjaldeyri) og keypt þér smá Coca-Cola.

Neysluhyggjan sem fylgir vestrænum lífsstíl er oft gagnrýnd, og ekki að ástæðulausu. Og Pólverjar sem fá einungis útborguð 60 prósent af þeim launum sem greidd eru í Vestur-Evrópu eiga rétt á því að vera óánægðir. En þessar neikvæðu hliðar mega ekki skyggja á allar þær fjölmörgu jákvæðu hliðar sem umbreytingin hefur haft í för með sér. Pólverjar lifa mun þægilegra lífi og hafa efni á mun fleiri tækifærum nú en nokkru sinni áður í sögu sinni.

„Það sló mig hvað Pólland hefur umbreytst mikið á þeim 25 árum sem liðin eru frá árinu 1989.“

Þessar breytingar eru orðnar svo hversdagslegir fyrir okkur, svo inngrónar í daglegt líf, að það gleymist stundum hversu nýtilkomnar þær eru. Í ár fagna Pólverjar þreföldu afmæli. 25 ár eru liðin frá pólitískri og efnahagslegri umpólun, 15 ár frá því að Pólland gekk í NATO og tíu ár frá því að landið gekk í Evrópusambandið. Þessir áfangar minna okkur á hversu þakklát við megum vera fyrir þær breytingar sem átt hafa sér stað frá því að umpólunin hófst.

Það var nefnilega ekkert öruggt að svona myndi spilast úr aðstæðum Póllands. Nágranni landsins í austri, Úkraína, er enn að berjast við að ná þeim pólitíska og efnahagslega stöðugleika sem Pólverjar eru fyrir margt löngu búnir að ná. Fyrir 25 árum voru þessi tvö lönd á nákvæmlega sama stað.

Í stað þess að fylgja vegferð foringja með einræðistilburði og inngróinnar spillingar sneri Pólland sér í hina áttina. Landið valdi markaðsumbætur, frjálsa verslun og hallaði sér að vestrænum stjórn mála- og öryggisstofnunum. Skiptu þær ákvarðanir máli við að gera líf Pólverja betra? Sönnunin liggur í búðingnum (e. the proof is in the pudding).

Ég kláraði kaffið mitt og gekk í rólegheitunum að salnum þar sem danstími dóttur minnar fór fram. Dyrnar opnuðust og krakkarnir þyrptust út. Dóttir mín hljóp upp að mér, greip í hendina á mér og dró mig til hliðar.

„Sjáðu pabbi, ég get gert þírúettu! Það er þegar þú snýst

allan hringinn!“. Síðan sneri hún sér á öðrum fæti og brosti stolt.

Pólland getur líka verið stolt af viðsnúningi sínum. Af því að draga sig út úr einræði og nánast gjaldþroti í átt að því að vera fyrirmyndar lýðræðisríki og eina ríki Evrópusambandsins sem hefur ekki upplifað kreppu frá því að efnahagskerfi heimsins fór á hliðina fyrir rúmum fimm árum.

Sá dans sem Pólland hefur stigið síðastliðinn 25 ár er óviðjafnanlegur. Ég get ekki beðið eftir því að sjá hver næstu dansspor verða.

Við erum borgin

Hjálmar Sveinsson skrifar um aðalskipulag Reykjavíkurborgar og líkir því við stjórnarskrá borgarinnar.

Því verður fagnað í vikunni að bókaútgáfan Crymogea gefur út veglega bók með nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík fyrir árin 2010 til 2030. Í bókina eru mörg hundruð kort og skýringarmyndir og þar eru settar fram nákvæmar, tímasettar áætlanir uppbyggingar borgarinnar. Einnig eru sérstakir borgarhlutakaflar sem sýna uppbyggingu í öllum hverfum borgarinnar.

Aðalskipulagið er eins konar stjórnarskrá fyrir þróun borgarinnar næstu tvo áratugina. Ekki nóg með það. Í þessu nýja aðalskipulagi er sleginn nýr tónn í skipulagi Reykjavíkur, en sá tónn ómar víða um heiminn þessi fyrstu misseri á 21. öldinni. Fyrir því eru ákveðnar ástæður: Í fyrsta lagi býr nú meirihluti mannkyns í þéttbýli í fyrsta sinn í sögunni. Um 2050 er talið að 75% muni búa í borgum og bæjum en 80% til 90% Vesturlandabúa. Í öðru lagi er það að koma æ betur í ljós að gott byggingarland er takmörkuð auðlind, orka er takmörkuð auðlind og loftmengun, einkum koldíoxíðlosun, er alvarlegt staðbundið og hnattrænt vandamál.

Ég ætla ekki að lýsa nákvæmlega útfærslu skipulagsins eða



segja frá þeirri miklu þverpólítísku vinnu sem liggur að baki því og staðið hefur í sex ár. En mig langar að reyna að koma orðum að því sem mætti kalla anda aðalskipulagsins fyrir Reykjavík 2010 til 2030.

Betri nýting

Þéttbýlisvæðing eða borgarvæðing heimsins hefur tvennt í för með sér. Og hvort tveggja hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum aðalskipulagsvinnuna. Í fyrsta lagi kallar þróunin á betri nýtingu þessara takmörkuðu auðlinda sem ég var að nefna – og um leið betri nýtingu innviðanna í borginni; svo sem gatna, veitna, lagna, stofnana, skólahúsa, slökkvistöðva og þannig mætti þó nokkuð lengi telja. Um það eru flestir sem fjalla um borgarmál sammála.

„Í öðru lagi er að koma æ betur í ljós að gott byggingarland er takmörkuð auðlind.“

Síðastliðið haust kynnti verkfræðistofan Mannvit á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu forvitnilega athugun þar sem bornar voru saman þrjár sviðsmyndir mögulegrar þróunar höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. Sú fyrsta gerði ráð fyrir að 60 prósent nýrrar byggðar yrðu í hverfum

utan núverandi byggðar og að hlutur almenningsamgangna í ferðum borgarbúa yrði óbreyttur, en hann er nú fjögur prósent. Önnur sviðsmyndin gerði ráð fyrir að fimmtán prósent nýrrar byggðar yrðu utan núverandi byggðar og hlutur almenningsamgangna yrði tólf prósent. Það er einmitt markmið Reykjavíkur í aðalskipulagstillögunni. Þriðja sviðsmyndin gerir ráð fyrir að öll ný byggð verði innan núverandi byggðar og hlutur almenningsamgangna verði sextán til tuttugu prósent, eða fjórum til fimm sinnum meiri en hann er nú. Seinni dæmin tvö voru svo borin saman við það fyrsta.

Niðurstaða Mannvits var sú að ef önnur sviðsmyndin yrði að veruleika væri sparnaðurinn 187 milljarðar til ársins 2040. Þriðja sviðsmyndin, með enn meiri þéttingu, myndi hins vegar spara tæplega 360 milljarða króna miðað við fyrsta dæmið. Meginhluti sparnaðarins kemur til vegna ábata notendanna sjálfra, til að mynda minni kostnaðar vegna bílaumferðar. Þá

verði stofnkostnaður vegna öflugra almenningssamgöngu-kerfis minni en kostnaður við gerð stofnbrauta.

Við erum sem sé að tala um að þétting byggðar og auknar almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu geta sparað þjódarbúinu 187 til 360 milljarða til ársins 2040. Tekið skal fram að þarna er ekki tekið tillit til ýmissa annarra þátta eins og minni veglagningar, gjaldeyrissparnaðar vegna minni notkunar einkabílsins og sparnaðar í bílastæðauppbyggingu.

En orðið þétting út af fyrir sig er ekki sérlega heillandi. Það sýnir sig líka í viðhorfskönnunum að fólk hefur illan bifur á því orði. Af hverju? Jú, það eru gildar ástæður fyrir því. Þéttingin hér í Reykjavík undanfarna áratugi hefur of oft leitt til þess að gömul timburhús voru rifin og gamalt og merkilegt

atvinnuhúsnæði sömuleiðiðis, það nægir að nefna gamla og glæsilega Landsímahúsið við Sölvhólsgötu 11, Kveldúlfshúsin, stóra og fallega Völundarhúsið. Já, stefnu hins algjöra niðurrifs og hinnar algjöru uppbyggingar hefur verið framfylgt í einum of stórum stíl hér í Reykjavík.

Meiri lífsgæði

Þéttingin er nefnilega ekki meginmarkmið þéttingarinnar, heldur meiri umhverfisgæði og þar með meiri lífsgæði. Um það á þéttingin að snúast. Það er hinn þráðurinn, lífsgæða- og umhverfisgæðapráðurinn, og hann fléttast saman við kröfuna um betri nýtingu, meiri skilvirkni, betri rekstur.

Áhersla á lífsgæðin í borgarumhverfinu sjálfu er rökrétt afleiðing af því að meira en helmingur mannkyns býr í borgum og bæjum. Það er sem sagt í þéttbýlinu sem hlutskipti stórs hluta mannkyns ákvarðast. Við sækjum þangað vinnu, skóla, leikhús, sundlaugar, fótboltaleiki, leshringi og alla þjónustu sem við þörfnumst í okkar flókna og kröfuharða samfélagi. Borgin tekur á móti okkur þegar við förum út á morgnana í myrkrinu á veturna og í birtunni á sumrin, þegar við fylgjum krökkunum í skólann, förum út í búð, mælum okkur mót við

„Önnur sviðsmyndin gerði ráð fyrir að fimmtán prósent nýrrar byggðar yrðu utan núverandi byggðar og hlutur almenningssamgangna yrði tólf prósent.“

fólk, skreppum í sund, göngum, hjólum, hlaupum eftir stígum borgarinnar, leitum til læknis, mætum í brúðkaup og jarðarför. Borgin umlykur okkur frá vöggju til grafar. Borgin er líf okkar. Líf okkar er borgin. Við erum borgin.

Nákvæmlega þess vegna snýst ein mikilvægasta líf skjara-barátta okkar tíma um borgarumhverfið: að borgarumhverfið sé eins heilsusamlegt og kostur er, öruggt, skjólsælt, aðlaðandi, fjölbreytt, skemmtilegt, fallett og endurnærandi. Já, einmitt endurnærandi! Við höfum nefnilega sagt skilið við þá gömlu hugmynd, sem var lengi ríkjandi, að borgin sé vélrænn staður þar sem við dveljum, eiginlega nauðug viljug, til að sækja vinna og skóla á virkum vinnudögum en flýtum okkur síðan burt úr bænum um helgar, því þar úti í sveit í sumar-bústaðnum séu lífsgæðin. Þar sé lífið í sinni ánægjulegustu mynd en ekki í bænum.

Fagnaðarboðskapur aðalskipulagstillögunnar fyrir Reykjavík 2010 til 2030 er þessi: Borgin býr yfir miklum umhverfis-gæðum og lífsgæðum. Við Reykvíkingar þurfum ekki endilega að fara í sumarbústaðinn í Grímsnesinu til að njóta lífsins. Við getum ekkert síður notið þess í borginni. Göturnar í borginni eru þannig að það er gaman að rölta um þær, torgin eru skjólsæl og sólrík, þegar sólin skín á annað borð, almennings-garðarnir eru fallegir, göngu- og hjólastígarnir sem liggja meðfram magnaðri strandlínu, inn græna og friðsæla dali og út í ævintýralandslagið með hraunum og skógum austur af borginni.

Þessi rauði þráður, fléttaður saman úr kröfunum um meiri hagkvæmni í skipulagi og rekstri og meiri lífsgæði í borgarumhverfinu eins og ég hef lýst, er ekki alíslenskur spuni og þaðan af síður heilaspuni eða pólitískur spuni. Þessi þráður er rauður þráður í öllum borgum austan hafs og vestan þar sem er einhver metnaður í gangi. Hann má sjá mjög skýrt hjá jafn ólíkum stofnunum og borgarstjórn Reykjavíkur, APA samtökum bandarískra skipulagsfræðinga og ótal ráðgjafar- og lífsskoðunarfyrirtækjum sem eru sífellt að kynna lista yfir lífvænlegustu borgir í heimi og rökstyðja hvað liggur að baki valinu hverju sinni.

KJÖRSTAÐUR

Réttlæti í Reykjavík

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, skrifar um kosningarnar á laugardaginn. Þær snúast um réttlæti, segir hún.

Á

laugardaginn kjósa Reykvíkingar til borgarstjórnar. Valið stendur á milli átta framboðslista og stefnumála þeirra.

Stefna Vinstri grænna miðar að því að auka félagslegt réttlæti. Það viljum við meðal annars gera með því jafna aðstöðumun leigjenda og eigenda húsnæðis og tryggja velferðarþjónustu óháð efnahag og í samræmi við hugmyndafræði um sjálfstætt líf og þarfir og vilja notenda. Við ætlum að tryggja að grunnþjónusta og almannafyrirtæki verði áfram í eigu og þágu almennings. Umhverfisvernd, breyttir samgönguhættir og ábyrg auðlyndanýting snúast um jafnrétti kynslóðanna og réttlæti framtíðarinnar. Allt miðar þetta að réttlátara samfélagi.




Skýr stefna gegn fátækt og misskiptingu

Helsta stefnumál Vinstri grænna er að vinna markvisst gegn fátækt, en í nýlegum skýrslum hefur komið fram að hún sé vaxandi vandamál í samfélaginu. Stærsta skrefið sem hægt er að stíga til að sporna gegn misskiptingu, fátækt og áhrifum hennar er að tryggja öllum tækifæri til menntunar óháð efnahag. Því þarf að hætta beinni gjaldtöku fyrir leikskóla, skólamáltíðir og frístundaheimili. Þannig tryggjum við aðgengi allra barna að góðri menntun og aukum ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna á sama tíma.

Barnafjölskyldur eru síst til þess fallnar að taka á sig auknar byrðar. Í mörgum tilfellum er þetta ungt fólk að stíga sín fyrstu alvöru skref á vinnumarkaði á sama tíma og það er að koma sér þaki yfir höfuðið, byrja að greiða af námslánum og mögulega fjárfesta í bifreið. Að bæta hundruðum þúsunda við útgjöld barnafjölskyldna er ósanngjarnt (Mynd 1 og www.gjaldfrelsi.is).

Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar rekstrarniðurstaða aðalsjóðs



Er menntun í Reykjavík fyrir öll börn?

Við erum öll sammála um að menntun skuli vera öllum aðgengileg. Ekki bara vegna sanngirni, heldur hefur verið sýnt fram á að samfélögum farnast betur þegar menntunarstig er hátt. Þannig er það öllum í hag að tryggja öllum tækifæri til menntunar.

Þrátt fyrir að langt sé síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið höfum við ekki lagað samfélagið að þessu þegar kemur að fjármögnuninni (Mynd 2) og er því mikill munur á skólagjöldum fyrir ólík skólastig. Í reynd erum við að innheimta mánaðarleg skólagjöld af leikskólabörnum á við einkarekna háskóla. Ef okkur er alvara með því að allir eigi að fá tækifæri til menntunar eru skólagjöld á fyrsta skólastiginu tímaskekkja.

„Þrátt fyrir að langt sé síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið höfum við ekki lagað samfélagið að þessu þegar kemur að fjármögnuninni.“

Hvað grunnskólann varðar er sá hluti skóladagsins sem fer í formlega menntun gjaldfrjáls. En skólamáltíðirnar og frístundaheimili fyrir börn í 1.–4. bekk eru það ekki þrátt fyrir að hvort tveggja sé viðurkennt sem mikilvægur hluti skóladags barna. Það má í raun segja að innheimta vegna þessarar

þjónustu sé ígildi skólagjalda í grunnskóla.

Á meðan foreldrar greiða hundruð þúsunda á ári fyrir menntun yngstu barnanna er ekki hægt að segja að í Reykjavík sé öllum börnum tryggð tækifæri til menntunar. Það eru til börn sem geta ekki fengið þessa sjálfsögðu þjónustu, fimm börnum var sagt upp á leikskólum á síðasta ári og fimmtán börnum á frístundaheimilum. Þá eru ótalin þau börn sem ekki fá að byrja vegna bágrar fjárhagsstöðu foreldranna.

Jöfnuður og réttlæti ekki í forgangi?

Viðbrögð annarra flokka við þessu stefnumáli Vinstri grænna hafa verið athyglisverð. Bæði Samfylking og Björt framtíð hafa lýst því yfir að verkefnið sé óraunhæft, í það minnsta samhliða öllum þeim brýnu verkefnum sem ráðast þurfi í, svo sem eflingu innra starfs í skólum, kjarabótum

kennara og að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Þegar stjórnmalafólk segir hugmynd vera óraunhæfa þýðir það bara eitt: Hugmyndin er ekki forgangsmál hjá því. Og þegar sagt er að þetta verði á kostnað annarra brýnna verkefna eða leiði til verri þjónustu við borgarana jaðrar það við hræðsluáróður. Auðvitað verða peningarnir ekki teknir úr skólastarfi til að setja í skólastarf. Þá má finna annars staðar – eins og kemur fram síðar í greininni.

Oddviti Bjartrar framtíðar hefur sagt að honum þyki ekki óeðlilegt að foreldrar taki þátt í kostnaðinum, sjálfur sé hann vel í stakk búinn til þess. Auk þess sé líklegt að gjaldfrelsið komi niður á þjónustunni. Þetta viðhorf lýsir ekki miklum skilningi á fjölbreyttum aðstæðum fólks í samfélaginu eða þeim tækifærum sem borgarstjórn hefur til að jafna tækifæri þeirra.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar hafa ekki beint sagst vera á móti hugmyndinni. Skúli Helgason hefur þó sagt að það sé ósanngjarnt að ríkt fólk fái þjónustuna gjaldfrjálsa. Þar talar hann beint gegn jafnaðarstefnunni, stefnunni sem Samfylkingin kennir sig við, þar sem þjónustan ætti að vera í boði fyrir okkur öll en fjármögnuð í gegnum skattkerfi sem tryggir að þeir tekjuhæstu leggi sitt af mörkum í samræmi við tekjur. Eða getur verið að stefna Samfylkingarinnar hafi breyst í slíkum grundvallaratriðum?

Vinstri græn eru með raunhæfa áætlun

Rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila er að langstærstu leyti fjármagnaður úr sameiginlegum sjóðum. Gjaldtakan stendur aðeins undir um 10% af kostnaðinum. Að stíga skrefið til fulls kostar 3 milljarða króna.

Vinstri græn hafa lagt fram áætlum um að gjaldfrelsi verði innleitt á fjórum árum. Það verður gert með því að forgangsraða 750 milljónum, 0,9% af heildartekjum borgarsjóðs, í það verkefni. Á næstu fimm árum er gert ráð fyrir góðri rekstrarafkomu borgarsjóðs (Mynd 3). Því er ljóst er að svigrúm er til að fara í verkefnið einmitt núna og að það þarf ekki að bitna á öðrum brýnum verkefnum.

Kjóssum réttlæti

Það er brýnt að borgarstjórn bregðist við vaxandi fátækt og misskiptingu í samfélaginu. Það er ekki síður brýnt að sporna gegn áhrifum fátæktar á menntun og tækifæri fólks, að uppræta vítahring fátæktar og að hún erfist milli kynslóða.

Áhrifaríkasta leiðin til þess er að standa vörð um skólana og standa með kennurum og fagfólki þar, bæta kjör þeirra

og starfsaðstæður til að efla og þróa starfið enn frekar – en ekki síður að standa með öllum börnum og tryggja að þau hafi jafnan aðgang að skólastarfi. Öll sem eitt.

Það eina sem þarf til að afnema gjaldtökuna er pólitískur vilji og ábyrg fjármála-
stjórn þar sem forgangsraðað er í þágu

barna. Við bjóðum okkur fram til að fara í þá vinnu. Ég hvet borgarbúa til að kjósa Vinstrihreyfinguna – grænt framboð á laugardaginn og veita okkur umboð til að vinna að réttlátara samfélagi fyrir okkur öll.

**„Barnafjölskyldur
eru síst til þess
fallnar að taka á sig
auknar byrðar.“**



Galdrakarlinn í seðlabankanum

Hafsteinn Hauksson veltir fyrir sér ævintýrinu um galdrakarlinn í Oz og síðan peningahagfræðinni. Hvernig ætli þetta tengist?

É

er sannfærður um að sagan dæmi það sem stórkostlegasta glæp löggjafans og ótrúlegasta samsæri gegn velferð almennings beggja vegna Atlantsála fyrr og síðar.“

Svo komst bandaríski þingmaðurinn John H. Reagan að orði um frumvarp sem bandaríska þingið hafði gert að lögum árið 1873. Reagan var síður en svo einn um að hneykslast; annar þingmaður kallaði lögin glæp aldarinnar og sá þriðji hélt því fram að þau væri þyrnikóróna á höfði verkafólks. Í ljósi þess að fæst okkar gætu gert sér í hugarlund til hvaða laga þessi orð þingmannanna vísa má kannski gera því skóna að þeir hafi lagt heldur vel í með þessum einkunnum – í það minnsta fyrirfinnast fáir sem svekkja sig enn á lögunum nú 140 árum síðar, eins og Reagan taldi víst. En hvaða löggjöf var það sem fór svona fyrir brjóstið á þeim? Það er kannski ótrúlegt, en lögin sem vöktu þessi hörðu viðbrögð fjölluðu um myntsáttu – eins banalt og það kann nú að hljóma.

Tvífættur

Forsagan er þessi. Bandaríkjadalur hafði verið tvífættur fram að þrælastríðinu 1861, sem merkti að bæði gull og silfur stóðu gjaldmiðlinum að baki. Myntslátta hins opinbera var „frjáls“, svo fram að þeim tíma gat hver sem færnt fram ýmist gull eða silfur og látið slá fyrir sig dali, en hlutfall gulls og silfurs í myntum var ákveðið með lögum. Í þrælastríðinu var þetta fyrirkomulag lagt af tímabundið og pappírseðill sem kallaður var grænbakur (e. greenback) tekinn upp, en með því að taka dalinn af málmfæti gátu stjórnvöld leyft sér að fjármagna stríðsreksturinn með seðlaprentun. Eftir að stríðinu lauk ríkti hins vegar einhugur um að sýna ráðdeild og setja

„Það er kannski ótrúlegt, en lögin sem vöktu þessi hörðu viðbrögð fjölluðu um myntsláttu – eins banalt og það kann nú að hljóma.“

dalinn á málmfót aftur, enda var þannig hægt að koma í veg fyrir óhóflega þenslu í peningamagni og tilheyrandi verðbólgu. Og þar kemur að myntsláttulögum ógurlegu 1873.

Þegar dalurinn var settur á málmfót að nýju ákvað bandaríska þingið nefnilega að það skyldi gert með gulli, en myntslátta silfurs var afnumin með öllu. Þetta gæti virst minniháttar breyting, og jafnvel þingmennirnir sem afgreiddu frumvarpið veltu henni ekki mikið fyrir sér. Hún átti hins vegar eftir að hafa veruleg neikvæð áhrif á bandaríska hagkerfið næstu ár og áratugi. Vandinn var sá að flestöll stórveldi heims tóku upp gullfót um svipað leyti, um leið og gullvinnsla dróst mikið saman (með öðrum orðum jókst eftirspurn eftir gulli mikið á meðan framboðið stóð í stað) og gullverð hækkaði mikið. Þegar gull er notað sem gjaldmiðill er öll þjóðarframleiðslan umreiknuð í gull, og því er óumflýjanlegt að hærra gullverð merki að almennt verðlag lækki. Í raun var verðhækkun gulls því birtingarmynd ónógs peningamagns í hagkerfum heimsins, ekki síst því þjóðarframleiðsla Bandaríkjanna jókst mikið í hlutfalli við gullið sem tiltækt var til greiðslumiðlunar á sama tíma.



Skuldugir bændur í bobba

Afleiðing þessa varð meiriháttar verðhjöðnun, eða sem nam um 23%, á árabílinu 1880-1896. Hún hafði sérstaklega slæm áhrif á bændur, en þeir voru flestir stórskuldugir. Verðhjöðnunin hafði því enn fremur í för með sér að veruleg verðmæti fluttust frá bændum á vesturströnd Bandaríkjanna til banka á austurströndinni, enda hækkuðu skuldir þeirra að raungildi vegna verðhjöðnunarinnar. Það þarf því engan að undra að undir lok 19. aldar hafi myndast verulegur pólitískur þrýstingur úr ranni popúlista um að gera silfur aftur að lögeyri samhliða gulli – en það var m.a.s. eitt helsta kosningamál demókrata í forsetakosningunum 1896. Um-ræðan snerist auðvitað síst um málmana sem slíka; aðal-atríðið var að silfur var tiltækt í verulegu magni, og því hefði verið hægt að þenja út peningamagnið sem því nam hefði dalurinn verið settur aftur á silfurfót og vinna þar með gegn verðhjöðnuninni.

Þessar hápólitísku hagfræðilegu deilur voru gerðar ódauðlegar árið 1900 – en reyndar með nokkuð óvæntum hætti. Það dylst nefnilega engum sem les ævintýrið um Galdrakarlinn í Oz eftir blaðamanninn L. Frank Baum að þar er um að ræða myndlíkingu fyrir deilur um frjálsla sláttu silfurmyntar undir lok 19. aldar. Jafnvel titillinn sjálfur vísar til þeirra, en oz. er enska skammstöfunin fyrir únsu – hefð-bundna þyngdareiningu gulls.

Aðalpersónur bókarinnar eiga sér samsvörun í helstu persónum og leikendum úr silfurdeilunni. Dórótea er persónugervingur bandarískra gilda á meðan hundurinn Tótó er bandaríska bindindishreyfingin, Teetotalers, sem studdi sláttu silfurmynta en var annars sérkennilegur hópur og fyrirferðarlítil í bandarískum stjórnámálum. Fugla-hræðan tekur að sér hlutverk bænda; hún telur sig skorta heila en reynist síðan sú vitrasta í föruneytinu – rétt eins og bændurnir, sem þóttu stundum einföld stétt en skildu samt hin flóknu peningahagfræðilegu rök fyrir silfursláttu betur en flestir aðrir. Þjáturkarlinn táknar verkamenn, sem glatað höfðu hjarta sínu í iðnvæðingunni. Huglausa ljónið er

síðan sjálfur William Jennings Bryan, forsetaframbjóðandi Demókrata árin 1896 og 1900 og einn helsti talsmaður þess að gefa sláttu silfurmynta frjálsa – sem popúlistar óttuðust að hefði ekki kjark til að fylgja málinu úr hlaði.

Vondar nornir

Vondu nornirnar í austri og vestri eru samsuða þeirra stjórn-málamanna og fjármálaafli á austur- og vesturströndinni sem lögðust gegn því að horfið yrði frá gullfætinum.

Hagsagnfræðingurinn Hugh Rockoff telur t.d. að vondu norninni í austri hafi verið ætlað að tákna Grover Cleveland, Demókrata sem lagðist gegn frjálsri sláttu silfurmynta en var sigraður á landsfundi flokksins 1896 – rétt eins og vondu nornin sem flest út þegar hús Dóróteu lendir ofan á henni!

Föruneysi Dóróteu er talin trú um að það fái lausn allra vandamála sinna með því einu að fylgja gullna veginum, þ.e. gullfætinum, til Smaragðsborgarinnar, sem er auðvitað hlið-stæða höfuðborgar Bandaríkjanna, Washington. Í því ljósi er kostulegt að lesa lýsingar Baums á Smaragðsborginni, en þar er óhemjufjöldi uppáklæddra manna og kvenna sem hefur ekkert skárna við tíma sinn að gera en tala hvert við annað. Þar er þeim uppálagt að hitta sjálfan Galdrakarlinn í Oz, tákngerving Mark Hanna, formanns Repúblikanaflokksins, en komast að því fyrir rest að hann er svikahrappur.

Launsögnin nær síðan hápunkti sínum þegar Dórótea kemst að því að hún hefur borið bjargráðið á fótum sér allan tímann, en hún kemst loksins til síns heima þegar hún smellir hælunum á töfraskónum sem hún hafði tekið af vondu norninni í austri þrisvar. Hérna bjagast sagan reyndar heilmikið í meðferð Hollywood, sem hafði lítinn áhuga á því að fylgja eftir peningahagfræðilegri myndlíkingu í einu og öllu; kvikmyndaútgáfa sögunnar frá 1939 var ein fyrsta litmynd sögunnar, og því var afráðið að hafa skóna rauða til þess að nýta hina nýju tækni til fulls – en í bókinni eru skórnir vitaskuld úr silfri, sannkallaður silfurfótur!

Svo fór reyndar að talsmenn silfurs höfðu ekki erindi sem erfiði og töpuðu forsetakosningum bæði 1896 og 1900,

en bandaríska hagkerfið hlaut meina sinna bót þegar gull fannst í Klondike og Suður-Afríku og hægt var að þenja peningamagnið nægilega út til þess að snúa verðhjöðnun í -bólgu.

Sennilegast væri hægur vandi að skrifa barnabók um peningahagfræði nútímans, en hún er jafnvel enn ævintýralegra en deilurnar um silfur undir lok 19. aldar – enda beita galdrakarlar í seðlabönkum nútímans ýmsum töfrum sem hefðu verið óhugsandi fyrir hundrað árum. Íslenska ævintýrið yrði alveg sérstaklega spennandi, en þar kæmi við sögu skipbrot söguhetjunnar eftir áralangt flot á agnarlitlum fleka, refsakák við hrægamma og ævintýralegur flótti úr Haftahöllinni, sem virðist í fyrstu veita söguhetjunni skjól en reynist vera fangelsi. Í stað silfurskónna gæti komið töfrakóróna, viðeigandi táknmynd fyrir þjóðargjaldmiðilinn, þótt sennilegast yrði hún ekki sérstaklega þægilegt höfuðfat – og svolítið viðkvæmt. Þá er bara að krossleggja fingur og vona að ævintýrið hljóti farsælan endi og verði ekki of langt til að nokkur nenni að lesa það.

APPIG

Hera Hilmarsdóttir
Leikkona
„Ég er með iPhone“



CLOCK



Nota þetta mikið, aðallega til að vakna upp frá alls konar svefni, og svo er niðurteljarinn góður fyrir hluti eins og eggjasuður og orðaspil.

ASTROLOGY ZONE - SUSAN MILLER



Gott væri að fara bara eftir þessu. Óhugnanlega nákvæmar mánaðarspár fyrir hvert stjörnumerki, auk góðra dagsspákorna sem bæta og kæta oft.

INSTAGRAM



Bara skemmtilegt og án efa eitt af þeim öppum sem ég nota hvað mest. Gaman að sjá hugmyndir fólks um daginn og veginn, sýna sig og sína í myndum.

TÆKNI Apple kynnrir nýja græju í beinni útsendingu á mánudaginn

Bandaríski tölvurísinn Apple hefur í gegnum tíðina haldið fjölmargar kynningar á nýjum tækjum, upp færslum og hugbúnaði, en sárafaar hafa verið sýndar í beinni útsendingu á vefnum. Kynningarnar sem þó hafa verið sendar út beint eiga það sameiginlegt að hafa

Eins og alltaf fara margar sögusagnir á kreik þegar Apple hreyfir sig. Erfitt er þó að átta sig á hvað sé satt og hverju sé logið.

Nýir iPhone-símar hafa verið kynntir á þessum tíma árs áður. Nokkuð víst er að nýr iPhone-sími lítur dagsins ljós á næstu mánuðum, en svo snemma árs er ólíklegt.

verið kynningar á stærstu og vinsælustu vörulínum fyrirtækisins.

Á þriðjudaginn tilkynnti fyrirtækið að á mánudaginn verði einmitt ein svona bein útsending frá vörukynningu. Mega lesendur Kjarnans því búast við nýju dóti von bráðar. **BBH**

Síðast var bein útsending frá vörukynningu Apple þegar ný Mac Pro-tölva var kynnt. Sú bylti áður notuðum hönnunarstöðlum á turntölvum.

Aðdáendur óska sér heitast að nú sé að koma snjallúr eða snjallsjónvarp frá Apple. Glænytt og snjallt heimakerfi kann líka að vera nýjasta vara fyrirtækisins.



Kína sem er

Síðari hluti frásagnar um lýðræðishreyfinguna í Kína og uppgang hennar sem leiddi til atburðanna á Torgi hins himneska friðar fyrir 25 árum.

KÍNA

Stefán Úlfarsson

Til hvers að ræða lýðræði í Kína? Liu Xiaobo hvað? Hver er það? Utangarðsmaður, í fangelsi, einangraður. Skrítið að veita honum friðarverðlaun Nóbels. Í *Dagskrá 08* krafðist hann þess að fleiri fengju að ráða en Kommúnistaflokkurinn. Það er löngu búið að taka þetta mál út af dagskrá.

Viðhorf Liu til vestæns lýðræðis eru líka barnaleg. Hann stillir Kína og Vesturlöndum upp sem algerum andstæðum. Kína er af hinu illa og Vesturlönd af hinu góða. Hann studdi innrás Bush í Afganistan og Írak – í nafni lýðræðis (ótrúlegt).

Nei, það sem skiptir máli í dag er vera með í veislunni.



Gera ekki mistök. Missa ekki af tækifærum. Pota sér áfram. Byggja upp sambönd. Komast yfir íbúðir. Koma börnunum inn í elítu-skóla. Meikaða.

Svo er það nú einu sinni svo að fyrst verður lítill hópur ríkur og síðan fleiri og fleiri (út af brauðmolunum sem falla af borði yfirstéttarinnar). Þannig verður millistétt til. Og hún hefur ekki endilega áhuga á pólitískum réttindum. Hún vill bara hagvöxt, störf og ...

... ÖRYGGI. Tuttugu og fimm árum eftir að lýðræðis-hreyfing stúdenta var brotin á bak aftur 4. júní 1989 ættu allir að vera mjög öruggir. Hundrað og fimmtíu bryndrekar verja friðinn í borginni. Á innan við 3 mínútum munu vopnaðir sérsveitarmenn vera komnir á vettvang hvar sem stöðug-leikanum er ógnað.

„Svo er það nú einu sinni svo að fyrst verður lítill hópur ríkur og síðan fleiri og fleiri (út af brauðmolunum sem falla af borði yfirstéttarinnar).“

Lýðræði á sennilega ekki mikla möguleika í þessu landi, eða hvað?

Áður en við afskrifum alveg lýðræði í fjölmennasta ríki veraldar skulum skoða tvo möguleika: Lýðræði fólksins og lýðræði stjórnvalda.

Lýðræði fólksins

Stúdentar töpuðu orrustunni 1989. Þrátt fyrir að þeir hefðu stuðning stórs hluta almennings á bak við sig máttu þeir síns lítills þegar harðlínnumenn innan Kommúnistaflokksins urðu ofan á í átökum við frjálslynda umbótasinna og sendu herinn á vettvang.

En munu þeir vinna stríðið að lokum? Þetta er áhugaverð spurning vegna þess að í meira en hundrað ár hefur verið tilhneiging í Kína fyrir borgaraleg öfl að rísa upp gegn ríkjandi valdhöfum og krefjast lýðræðisumbóta.

Pau beittu sér t.d. fyrir falli síðasta keisarans 1911 og stofnun Lýðveldisins Kína upp úr því. Þremur árum síðar hófu menntamenn við Peking-háskóla útgáfu *Nýrrar æsku*, sem átti eftir að verða áhrifamikill boðberi frjálslyndra stjórn mála-skoðana. Árið 1919 risu stúdentar upp gegn herfurstum sem hrifsað höfðu til sín völdin í landinu.



Borgaralegu öflin urðu æ róttækari og árið 1921 var Kommúnistaflokkurinn stofnaður. Eftir að Flokkurinn komst til valda 1949 hafa endurtekið komið fram hreyfingar sem bjóða einokun hans á völdum birginn. Í *hundrað blóma hreyfingunni* 1957 kom t.d. í ljós djúpstæð óánægja menntamanna með ríkjandi stjórnarfar.

Á degi hinna framliðnu 5. apríl 1976 breyttist minningarathöfn um hinn vel þokkaða forsætisráðherra Zhou Enlai í almenn mótmæli gegn vinstri öfgum maóista/fjórmenningaklíkunnar.

Lýðræðisveggurinn verður til

Eftir fall fjórmenningaklíkunnar í aðdraganda valdatöku Deng Xiaoping 1978 varð til hreyfing sem kallast *lýðræðisveggurinn*. Almennungur límdi spjöld upp á vegg niðri í bæ. Á þeim var lýst yfir stuðningi við pragmatíska stefnu Deng og viðraðar hugmyndir um aukið lýðræði.

Ef lýðræðishreyfingin í Kína á svona langa sögu, getur hún ekki risið upp á ný? Mun áframhaldandi hagvöxtur og frjáls viðskipti ekki efla millistéttina? Mun hún ekki á ákveðnum tímamarki verða það sterk að ekki verður lengur hægt að hafna kröfum hennar um réttarriki, sjálfstæða dómstóla, fulltrúalýðræði, málfrelsi o.s.frv.

Þetta er sjónarmið sem oft heyrast í umræðunni. Prófessor Henry Rowen hélt því t.d. fram í grein frá árinu 2006, *When Will the Chinese People be Free?*, að þegar meðaltekjur í Kína færu upp í 10 þúsund dollara (skv. hans spá árið 2015) yrðu Kínverjar „hálf-frjálsir“. Þegar þær næðu 14 þúsund dollara markinu tíu árum síðar „að fullu frjálsir“.

Satt best að segja hef ég talsverðar efasemdir um sjónarmið af þessu tagi. Ef eitthvað er virðist mér sem efnahagsframfarirnar í Kína síðustu áratugi hafi dregið úr líkum á lýðræðisumbótum í nánustu framtíð. Hagvöxturinn hefur styrkt stöðu Flokksins. Hann er í raun helsta réttlættingin fyrir áframhaldandi völdum hans.

Innanlands er ekki annað að sjá en að yfirgnæfandi meirihluti íbúa sé sáttur við óbreytt ástand. Nýjar kynslóðir

stúdenta keppa um að komast í góð störf hjá ríki og Flokki. Menntamenn túlka sjónarmið stjórnvalda í háskóla-umhverfinu, í fjölmiðlum og innan stjórnsýslunnar. Milli-stéttin er í óða önn að kaupa eigið húsnæði, innréttá og skreyta, kaupa bíl og ferðast til útlanda.

Svo framarlega sem Flokknum tekst að tryggja að lágmarki um 7% hagvöxt (sem er það sem þarf til að halda áfram að bæta lífskjör og koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi) tel ég að lítill þrýstingur muni myndast á breytingar sem gætu hróflað við því valdajafnvægi sem nú ríkir í samfélaginu.

Það er reyndar rétt að hafa í huga að mótmælum af ýmsum stærðum og gerðum hefur fjölgað gríðarlega í Kína á síðustu árum. Í dag er svo komið að um 500 „mótmæli“ eiga sér stað í landinu á hverjum degi (tölur frá 2010).

Flest þeirra eru samt ekki mjög umfangsmikil og beinast ekki gegn kerfinu eða landsstjórninni. Bændur rísa upp gegn þvingaðri upptöku á landi eða óréttlátum sköttum. Verkaþólk fer í „ólögleg“ verkföll vegna vangoldinna launa. Borgarþúar æsa sig vegna umferðaröngþveitis eða þrálátrar mengunar.

Við munum sjá að stjórnvöld hafa þróað ýmsar aðferðir til að takast á við óánægju og ólgu af þessu tagi.

Sumt af því sem óánægju veldur er líka bein eða óbein afleiðing af hagvextinum sjálfum (mengun, ójöfnuður). Fórnarkostnaðurinn sem fólk horfir í þegar það setur fram kröfur um úrlausn slíkra vandamála er mikill. Alvarlegasta ógnunin við ríkjandi valdhafa í Kína felst e.t.v. í sjálfstæðisbaráttu minnihlutahjóðflokka í Xinjang og Tíbet ... og jú auðvitað efnahagslegu bakslagi (þ.e. ef meðaltalshagvöxtur fellur undir 7%).

Lýðræði stjórnvalda

Eftir „sigur“ Flokksins 1989 virtist sem hann ætlaði – þrátt fyrir allt – að taka upp lýðræðisleg vinnubrögð – ekki af því að ráðamenn hefðu skyndilega séð að sér, heldur vegna þess að þeir komust að þeirri niðurstöðu að það er stundum auðveldara að stjórna (tryggja stöðugleika) með aðferðum lýðræðis heldur en valdstjórnar.



Tímalína stjórnvalda í Kína

Stjórnvöld í Kína frá tímum Qing-ættarinnar

- 1644** Qing-keisaraættin (frá Mansjúríu) steypir Ming-keisaraættinni (síðustu kínversku keisaraættinni). Undir Qing-keisurunum þandist Kína í allar áttir, með innlimun Tíbet, Mongólíu og Xinjiang.
- 19. öldin** Hnignun Qing-keisaraættarinnar hefst. Umrót og ólga innanlands. Vesturveldin þröngva upp á Kína ójöfnum samningum sem breyta Kína í hálfgerða nýlendu.
- 1911-12** Umbótaöfl steypa síðasta keisaranum og stofna Lýðveldið Kína. Herfurstar hrifsa fljótt völdin í eigin hendur.
- 1915-25** Nýmenningarhreyfingin: Deigla sem opnaði leið fyrir vestræna hugmyndastrauma inn í landið (frjálslyndi, anarkisma, marxisma o.s.frv.).
- 1921** Kommúnistaflokkur Kína stofnaður; spratt upp úr deiglu nýmenningarhreyfingarinnar.
- 1956-57** Í hundrað blóma hreyfingunni kom í ljós djúpstæð óánægja menntamanna með ríkjandi stjórnarfar.
- 1976** Á degi hinna framliðnu 5. apríl 1976 breyttist minningarathöfn um Zhou Enlai í almenn mót-mæli gegn vinstri öfgum maóista/fjórmenningaklíkunnar.
- 1978** Eftir fall fjórmenningaklíkunnar í aðdraganda valdatöku Deng Xiaoping 1978 varð til hreyfing sem kallast lýðræðisveggurinn. Almennur lýst yfir stuðningi við efnahagsumbætur Dengs og viðraði auk þess hugmyndir um aukid lýðræði.
- 9. árat.** Pólitik á meginlandi Kína einkenndist af pattstöðu milli harðlínumanna og frjálslyndra umbótasinna. Taívan tók hins vegar ákveðin skref í átt til lýðræðis.
- 1989** Lýðræðishreyfing stúdenta. Hófst í Peking en breiddist hratt um allt landið. Brotin niður með hervaldi á Torgi hins himneska friðar 4. júní.
- 1997** Hong Kong verður hluti af Kína samkvæmt uppskriftinni „eitt land – tvö kerfi“ (sósíalismi og Hong Kong lýðræði).
- 2000** Peking-leiðin tekur á sig mynd (ríkiskapítalismi og valdstjórnarskipulag).

Þannig var um um miðjan tíunda ártuginn hrint af stað tilraunum með beinar kosningar fulltrúa Flokksins á lægstu stjórnsýslueiningunum. Hugmyndin var að veita umsýslumönnumsem þar störfuðu meira aðhald. Þannig mætti fyrirbyggja óánægju vegna meintrar spillingar og gerræðislegra ákvarðana. Margir trúðu að slíkar tilraunir myndu smám saman leiða til aukinnar stofn-anavæðingar og lýðræðisþróunar á landsvísu.

Í nýlegri bók sinni [The Logic and Limits of Political Reform in China](#) (2013) gerir prófessor Joseph Fewsmith grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna á þessum tilraunum. Í stuttu máli telur hann að þær hafi algerlega misheppnast.

Hann telur að þegar ráðamenn stóðu frammi fyrir vali á milli lýðræðislegs aðhalds með embættismannastéttinni annars vegar og hættunnar á því að upp risu stjórnmalamenn sem sæktu umboð beint til fólksins hins vegar hafi þeir misst áhugann.

Það hefur líka komið í ljós að Flokkurinn hefur yfir margvíslegum öðrum „verkfærum“ en lýðræði að ráða til að tryggja pólitískan stöðugleika. Í „verkfærakistunni“ er samansafn af alls kyns úrræðum er hafa sannað gildi sitt á liðnum árum.

Hér er listi yfir nokkur af helstu verkfærunum:

■ Hagvöxtur

Fyrst eftir árás hersins 1989 varð hlé á efnahagsumbótum. Þær fóru síðan á fullt skrið aftur árið 1992 eftir fræga „suðurferð Deng Xiaoping“ þar sem hann lýsti því yfir að það væri alveg „meiriháttar að verða ríkur“.

Æ fleiri svið hafa verið markaðs-vædd. Búið er að tengja Kína beint við heimshagkerfið gegnum aðild

að Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni. Kína slapp að mestu óskaddað bæði frá Asíukreppunni 1997 og heimskreppunni 2008. Lífskjör stórs hluta almennings hafa batnað verulega.

Þessi árangur hefur styrkt stöðu valdhafanna alþjóðlega og heima við.

■ Efnishyggja /þjóðarstolt

Nokkrum árum eftir að Maó dó árið 1976 var kveðinn upp dómur yfir verkum hans. Gefið var út að hann hefði haft um 30% rangt fyrir sér. Þrátt fyrir þetta var lengi óljóst hvaða hugsun myndi fylla tómarúmið sem hann skildi eftir.

Á níunda áratugnum reyndu margir að fylla þetta rúm með frjálslyndri pólitískri hugmyndafræði. Eftir að lýðræðishreyfing stúdenta var kveðin niður vorið 1989 lokaðist fyrir

þennan möguleika. Margir leituðu þá í trúarbrögð, einkum búddisma, falun gong og kristni. Stjórnvöld hafa þó einnig amast við þeirri tilhneigingu.

Þeim er meira að skapi efnishyggja (neysla sem mælikvarði árangurs) og þjóðarstolt (Ólympíuleikarnir í Peking 2008, mannaðar geimferðir, virkjun Yangtse, að standa upp í hárinu á Japan og Bandaríkjunum) sem kynt er undir með ýmsum hætti.



■ Leikreglur stjórnmalanna

Þó að pólitískar umbætur hafi meira og minna strandað í Kína á síðustu árum er enn byggt á þeirri takmörkuðu stofnanavæðingu sem innleidd var á áttunda og níunda áratugnum, samhliða fyrstu skrefum markaðsvæðingar og opunar hagkerfisins.

Reglurnar fela m.a. í sér sameiginlega ákvörðunatöku (í stað tilskipana æðsta leiðtogans), eftirlaunakerfi sem tryggir nýliðun í hópi

leiðtoga, regluleg flokksþing þar sem ný forysta er valin og framakerfi er tekur meira tillit til verðleika en áður.

Þar sem leiðtogar landsins halda sig allir meira og minna við þessar grundvallarleikreglur fá kínversk stjórnmalin oft á sig yfirbragð ákveðinnar fagmennsku sem kann á stundum að skapa tilfinningu fyrir lýðræðishefðum.

■ Óánægjuventlar

Almenningur í Kína getur upp að vissu marki fengið útrás fyrir pólitíska óánægju.



Það getur hann t.d. með því að blogga á samfélagsmiðlum, taka þátt í „frjálsum“ félagasamtökum (NGOs), leggja fram kvartanir til landsstjórnarinnar í Peking, vísa málum til dómsstóla eða jafnvel með því að skipuleggja mótmælagöngu.

Stjórnvöld taka á hverju máli fyrir sig. Þau reyna að deila og drottna. Aðalatriðið frá þeirra sjónarmiði er að óánægjan umbreytist ekki í sýnilega andstöðu við landsstjórnina, sé staðabundin og/ eða dreifð.

■ Öryggisgæsla

Yfirburðastaða Flokksins í kínversku samfélagi hefur ávallt hvílt á yfirráðum hans yfir þremur lykilþáttum ríkisvaldsins: Mannaráðningum; upplýsingaveitum; og – síðast en ekki síst – yfir her og innra öryggiskerfi.

Á tíunda áratugnum byrjuðu einstakar einingar innan þessara stöða að fléttast saman í kerfi sem í Kína er kallað *weiren* eða „í þágu stöðugleikans“. Eins og nafnið gefur til kynna er hlutverk þess að tryggja öryggi og stöðugleika í landinu.

Weiwen er orðið að gríðarlegu bákni sem tekur til sín meiri fjármuni en herinn.

Fyrstu drögin að kerfinu virðast hafa orðið til sem viðbúnaður gegn óvinsælum efnahagsráðstöfunum um miðjan tíunda áratuginn. Það hefur síðan þanist út sem viðbrögð við tækninýjungum (internetinu, samfélagsmiðlum o.s.frv.) og lýðræðisbýltingum annars staðar í heiminum (Mið-Asíu, Austurlöndum nær).

Lýðræðið tapaði á Torgi hins himneska friðar

Nei, ég held ekki, ég tel að lýðræði eigi ekki mikla möguleika í Kína á næstunni.

Torg hins himneska friðar er ekki bara tákn fyrir sigur kommúnista 1949 heldur líka fyrir tap lýðræðisins 1989.

Þeir sem stóðu í fylkingarbrjósti lýðræðishreyfingar stúdenta 1989 eru tvístraðir. Einhverjum tókst að flýja land. Aðrir voru eltir uppi og fangelsaðir. Sumir skotnir. Samfelldur hagvöxtur í meira en tvo áratugi hefur líka gefið fólki um annað að hugsa en hugmyndafræði og pólitík. Ákall manna eins og Liu Xiaobo fellur í mjög grýttan jarðveg.

Leiðtogar Flokksins standa uppi sem algerir sigurvegarar. Slíkur hefur árangur þeirra verið að sumir tala nú um „Peking-leiðina“ (ríkiskapítalismi og valdsstjórnarskipulag) sem andsvar við „Washington-leiðinni“ (frjálshygga og lýðræði) sem skildi eftir sig sviðna jörð í hruninu 2008.

Peking-leiðin hlýtur að hafa gríðarlegt aðdráttarafl fyrir ríkjandi öfl hvar sem er í heiminum. Hún „sannar“ að það sé best að þeir sem stjórnari haldi áfram að stjórna, a.m.k. þangað til áfall ríður yfir sem afsannar það.

Persónur og leikendur

Fjórða maí hreyfingin var hápunktur í mikilli deiglu í Kína á öðrum og þriðja áratug síðustu aldar, gjarnan kölluð Nýmanning. Menntamenn leituðu skýringa á því hvers vegna svo illa gengi að koma af stað framförum í Kína þrátt fyrir afnám keisaraveldis og stofnun lýðveldis 1912. Helst var talið að snúa þyrfti algerlega baki við íhaldssömum kínverskum hefðum eins og konfúsisma. Í staðinn ætti að taka upp vestrænar áherslur eins og vísindi og lýðræði. Hinn 4. maí 1919 risu stúdentar í Peking upp gegn herfurstum sem hrifsað höfðu til sín völd í landinu. Þeim ofbauð

eftirgjöf þeirra gagnvart stórveldunum á friðarráðstefnunni í París (í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri) sem þá stóð yfir. Þeir mótmæltu áformum um að afhenda Japönnum fyrrverandi áhrifasvæði Þjóðverja í Austur-Kína. Eftir þetta varð nýmanningahreyfingin róttækari og þjóðernissinnaðri. Upp úr þeim jarðvegi spratt síðan Kommúnistaflokkur Kína 1921.

Kommúnistaflokkur Kína (Flokkurinn) var stofnaður í Shanghai árið 1921. Upphaflega var hann undir miklum áhrifum frá Sovétríkjunum í gegnum Komintern.

Eftir að Maó varð leiðtogi flokksins árið 1935 var tekinn upp sjálfstæðari stefna. Með sigri kommúnista yfir þjóðernissinum árið 1949 náði Flokkurinn völdum í Kína og stofnaði Kínverska alþýðulýðveldið 1. október það ár. Síðan þá hefur Kommúnistaflokkurinn farið með einokun á ríkisvaldinu í landinu. Framan af söfnuðust völd í höndum einnar persónu – fyrst í höndum Maós og síðar (í minna mæli þó) Dengs Xiaopings. Eftir þeirra daga hefur 5-10 manna hópur fastanefndar stjórn málaráðs Flokksins farið sameiginlega með völdin. Sú venja hafi skapast að valdamesti einstaklingur stjórn málaráðsins gegnri embætti forseta Kína og sá næstvaldamesti (eða þriðji valdamesti) embætti



Lýðræðishreyfing stúdenta 1989. Það sem ýtti hreyfingunni af stað var fráfall fyrrum aðalritara Flokksins Hu Yaobang en hann hafði verið frjálsslyndsti leiðtogi Kína á níunda áratugnum. Minningarathafnir um hann snerust upp í kröfur um lýðræðisumbætur. Hreyfingin breiddist hratt út um allt landið. Stofnuð voru sjálfstæð stúdentafélög utan valdssviðs Flokksins. Þeim tókst að skipuleggja tvær risastórar kröfugöngur 27. apríl og 4. maí. Þeim mistókst hins vegar að ná eyrum stjórnvalda með kröfur sínar. Þessi mistök grófu undan stúdentafélögnum og áttu þátt í að róttækir stúdentaleiðtogar skipulögðu hungurverfall á Torgi hins himneska friðar um miðjan maí. Framan af ríkti klofningur meðal leiðtoga þjóðarinnar hvernig átti að taka á kröfum stúdenta. Umbótasinnar urðu undir og hinn 20. maí lýstu harðlínumenn yfir herlögum og aðfaranótt 4. júní beittu þeir hervaldi til að rýma Torgið.

Maó Zedong (1893-1976): Leiðtogi Kommúnistaflokks Kína 1935-1976. Frá 1949 fór Flokkurinn með einokun á ríkisvaldinu og var Maó þá jafnframt æðsti leiðtogi landsins. Hann mótaði stefnu sem um margt var frábrugðin kommúnisma í öðrum löndum. Í styrjöldinni við Japan og borgarastríðinu við þjóðernissinna á fyrri hluta 20. aldar lagði hann t.d. áherslu á framsækið byltingareðli bænda (fremur en verkamanna). Eftir sigur yfir þjóðernissinum og stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins (1949) lagði Maó áherslu á að byltingin þyrfti að „halda áfram“ en ekki stoppa og verða „skrifinn“ að bráð eins og hann taldi hafa gerst í Sovétríkjunum. Efnahagsstefna Maós Stóra stökkið (1958-61) leiddi til hungurdauða milljóna Kínverja. Þessi mistök leiddu til þess að hann missti um tíma stjórnartaumana í hendur pragmatista eins og Deng Xiaoping. Nokkrum árum síðar náði hann frumkvæðinu aftur með aðstoð hersins og setti þá af stað menningarbyltinguna (1966-76) m.a. til að eyða út áhrifum pragmatistanna.



Zhou Enlai (1898-1976): Forsætisráðherra Kína frá stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins 1949 til dauðadags 1976. Zhou var alla tíð einn einn helsti aðstoðarmaður Maós. Þó hann væri oft ósammála stefnu formannsins tókst honum að komast hjá því að falla í ónáð. Hin síðari ár vann hann bak við tjöldin að því að draga úr mestu ófgunum í stefnu Maós (stóra stökkinu og menningarbyltingunni) og byggja upp pólitískt bakland fyrir efnahagslegar umbætur. Hann hélt verndarhendi yfir Deng Xiaoping og öðrum pragmatískum leiðtogum í valdabaráttu þeirra við vinsti ófgamenn fjórmenningaklíkunnar svokölluðu. Eftir stríðsátök á landamærunum við Sovétríkin árið 1969 tókst Zhou að sannfæra Maó um að Kína stafði meiri ógn af Rússum en Bandaríkjamönnum og að það væri skynsamlegt að taka upp friðsmleg samskipti við stjórnvöld í Wahington.

Deng Xiaoping (1904-1997): Æðsti leiðtogi Kína á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Hann var ekki eins ótvíræður „æðsti leiðtogi“ og Maó hafði verið; fremur æðstur meðal hóps 5-10 leiðtoga af sömu kynslóð og hann sjálfur. Framan af ferlinum var Deng náinn samstarfsmaður Maós. Snemma á 7. áratugnum snerist hann hins vegar til pragmatískra viðhorfa í anda káptalísma. Deng var mjög áfram um markaðsvæðingu og opnun kínverska hagkerfisins en síður hrifinn af lýðræðislegum úrbótum. Hann studdi árás hersins á stúdenta á Torgi hins himneska friðar vorð 1989.

Harðlínumenn: Íhaldssamir leiðtogar innan Kommúnistaflokksins (einkum á níunda og tíunda áratugnum). Töluðu gjarnan um „fuglinn í búrinu“. Með því áttu þeir við að „fuglinn“ (markaðurinn) ætti að vera frjáls inni innan þeirra takmarkanna sem „búrið“ setti honum (áætlunarbúskapurinn). Þeir líta á frjálslýnda hugmyndafræði sem „menningarlega mengun“. Í þessum hópi voru menn eins og Chen Yun (höfundur fuglabúrskeningarinnar), Li Xiannian og Li Peng.

Frjálslýndir umbótasinnar: Frjálslýndir leiðtogar innan Kommúnistaflokksins (einkum á níunda og tíunda áratugnum). Vildu ganga mun lengra í markaðs-

væðingu en harðlínumennirnir. Sáu fyrir sér að markaðurinn myndi smám saman vaxa út úr ramma plansins eins og raunin hefur orðið. Enn fremur töldu þeir nauðsynlegt að undirbyggja efnahagsþróun með lýðræðislegri þátttöku almennings. Til þessa hóps töldust Hu Yaobang, Zhao Ziyang og Wan Li (sonur hans, Wan Jifei núverandi formaður útflutningsráðs Kína CCPIT, er mörgum Íslendingum kunnur).

Liu Xiaobo (1955-): Hlaut friðarverðlaun Nóbels 2010 sem viðurkenningu fyrir friðsamlega baráttu til margra ára fyrir grundvallarmannréttindum í Kína. Liu er með doktorsgráðu í bókmenntum og var próffessor við Kennaraháskólann í Peking á níunda áratugnum. Á þeim árum varð hann þekktur fyrir beinskeytta gagnrýni á hefðbundna kínverska menningu og hrifningu (sumir segja barnalega) á vestrænu þjóðskipulagi. Þegar árás hersins á lýðræðissinna hófst hinn 3. júní 1989 reyndi Liu, ásamt þremur öðrum menntamönnum, að afstýra enn meira manntjóni en orðið var með því að ganga á milli hers og námsmanna. Eftir þessa atburði hefur Liu mikið til mátt dúsa í fangelsi vegna skoðana sinna. Árið 2008 átti hann þátt í að semja Dagskrá 08, þar sem m.a. var farið fram á afnám eins flokks kerfis. Í framhaldi af því var hann handtekinn og árið eftir dæmdur í 11 ára fangelsi.





Messufall Gunnars í Krossinum

Meiðyrðamál Gunnars Þorsteinssonar hefur dregið dilk á eftir sér. Hugsanlega hefði verið betur heima setið.

ALMANNATENGLS
Grétar Theodórsson

Það fór væntanlega ekki framhjá mörgum þegar sjö konur stigu fram árið 2010 og sökuðu Gunnar Þorsteinsson, betur þekktan sem Gunnar í Krossinum, um kynferðislega áreitni. Málið vakti mikla athygli í fjölmiðlum og fjallaði vefmiðillinn Pressan mikið um málið. Til að gera langa sögu stutta var Gunnar mjög ósáttur við umfjöllun Pressunnar og hefur nú höfðað meiðyrðamál á hendur Steingrími Sævari Ólafssyni, fyrrum ritstjóra Pressunnar, ásamt Ástu Knútsdóttur og Sesselju Engilrád Barðdal, talskonum kvennana sjö. Einar Hugji Bjarnason, lögmaður Gunnars, sagði fyrir

„Hann talar um að geirvörtturnar séu brúnar og vildi fá smakk“

dómi að umfjöllun fjölmiðla um ásakanir kvennanna á hendur Gunnari hafi lagt líf hans í rúst. „Þetta gerðist á einni nóttu og það hrundi allt hjá honum,“ sagði Einar Hugi jafnframt og bætti við: „Líf hans var lagt í rúst. Ekki bara nóg með það, heldur missti stefnandi stóran hluta vina og kunningjahópsins. Málið hefur reynst honum eins erfitt og hugsast getur.“ Þá hafi Gunnar „hrökklast úr ævistarfi sínu, sem hann hafði gegnt í aldarfjórðung“. (DV.is)

Hér verður ekki lagt mat á sannleiksgildi þessara frásagna en það er hins vegar ákveðin kaldhæðni fólgin í því að umfjöllun fjölmiðla um meidyrðamálið og vitnisburð fólks sem hefur verið leitt fyrir dóminn er einhvern veginn miklu nákvæmari og grafískari en umfjöllun Pressunar um meint kynferðisbrot var nokkurn tíma. Undanfarna daga höfum við séð fyrisagnir í fjölmiðlum á borð við „Hann talar um að geirvörtturnar séu brúnar og vildi fá smakk“ (Visir.is) og „Hann er siðblindur raðpedófill sem er búinn að misnota fullt af fólki í skjóli trúarinnar“ (DV.is). Sannarlega ekki fyrisagnir sem líklegar eru til að bæta mannorð og ímynd Gunnars og það hafa sennilega fáir þjóðþekktir menn á undanförunum árum komið jafn illa út í umfjöllun fjölmiðla og Gunnar í þessu máli. Og þá má spyrja, hefði hann betur setið heima og sleppt því að höfða þetta meidyrðamál? Hefði honum átt að vera ljóst að áhugi fjölmiðla á málinu yrði mikill og umfjöllun um málið gæti hugsanlega verið mjög skaðleg fyrir hann?

Nú veit ég ekki hvort Gunnar hafi fengið ráðgjöf frá almannatengli áður en hann höfðaði þetta meidyrðamál en flestir hefðu sennilega ráðlagt honum að skoða málið vandlega frá öllum hliðum áður en hann tæki ákvörðun. Áhættustjórnun er nefnilega þekkt víðar en í fjármálaheiminum og er mikið notuð af almannatenglum til þess að hjálpa þeim að meta aðstæður áður en farið er í aðgerðir. Áhættustjórnununarferlið miðar að því að finna áhættur, greina þær og meta og ákveða aðgerðir til þess minnka áhættur, eyða þeim eða einfaldlega sætta sig við þær. Til þess að meta aðstæður hefði Gunnar getað spurt sig nokkurra

einfaldra spurninga; Hvern hefur málið áhrif á? Hver hefur hagsmuni af málinu? Hver er í aðstöðu til þess að hafa áhrif á framhald málsins? Hvernig byrjaði málið? Hverjir eru gerendur í málinu? Hefur málið áhrif á aðra en gerendur og þolendur? Með öðrum orðum, lesa salinn.

Það verður að teljast líklegt ef Gunnar hefði skoðað málið ofan í kjölinn og velt því fyrir sér frá öllum hliðum að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að miklar líkur væru á að umfjöllun fjölmiðla um málið yrði mikil, réttarhöldin yrðu skrifuð upp af blaðamönnum nánast orð fyrir orð, að fyrir dóminn yrðu leidd vitni og aðilar tengdir málinu sem myndu lýsa ítarlega sinni upplifun af samskiptum við Gunnar og að nokkuð öruggt væri að þetta myndi sýna Gunnar í neikvæðu ljósi. Í framhaldi af því þyrfti Gunnar svo að meta hvort það væri þess virði að sækja málið fyrir dómstólum, vitandi það að umfjöllun fjölmiðla yrði honum líklega mjög erfið. Almannatengillinn hefði ráðlagt honum að gera ekki neitt, sem er oft besta taktíkin, en lögmaðurinn hefði eðlilega ráðlagt honum að leita réttar síns. En það væri áhugavert að vita hvort Gunnar myndi höfða þetta meiðyrðamál núna ef hann vissi það sem hann veit í dag.



Búum við í fjölheimi?

Sævar Helgi Bragason skoðar heiminn, rúm og tíma.

VÍSINDI
Sævar Helgi Bragason

Fyrr um 100 árum bylti Albert Einstein heimsmynd okkar. Þá setti hann fram nýja kenningu um þyngdarkraftinn sem hann kallaði almennu afstæðiskenninguna, kenningu sem lýsti eðli rúms og tíma. Kenningin útskýrði ekki aðeins hegðun þyngdarkraftsins, heldur líka hvernig alheimurinn gæti þróast. Tilraunir og mælingar staðfestu fljótt spár afstæðiskenningarinnar og fóru menn þá að velta fyrir sér hvað hún segði um alheiminn.

Árið 1927 gerði Georges Lemaître, belgískur prestur og eðlisfræðingur, útreikninga sem sýndu að alheimurinn gat



ekki verið stöðugur, eins og viðtekna heimsmyndin gerði ráð fyrir. Kenning Einsteins sýndi að alheimurinn, eða rúmið – geimurinn sjálfur – væri annaðhvort að þenjast út eða dragast saman, þ.e.a.s. alheimurinn hlyti að vera að stækka eða minnka. Lemaître setti fram þá tilgátu að alheimurinn ætti sér upphaf í einhvers konar „frumatómi“.

Einstein leist illa á þessa hugmynd Lemaître. Hann sagði að þótt útreikningarnir væru réttir væri eðlisfræðin andstyggileg. Einstein taldi enda, eins og flestir aðrir á þeim tíma, að alheimurinn væri stöðugur og óbreytanlegur. Svo viss var hann í sinni sök að hann bætti fasta við jöfnur sínar til þess að þær lýstu örugglega stöðugum alheimi. Síðar lýsti

„Einstein taldi enda, eins og flestir aðrir á þeim tíma, að alheimurinn væri stöðugur og óbreytanlegur.“

Einstein fastanum sem sínu mesta axarskafti.

Tveimur árum eftir að Lemaître vakti athygli Einsteins og annarra á hugmynd sinni um alheim í útþenslu gerði Edwin Hubble eina

mestu uppgötvun vísindasögunnar. Mælingar hans sýndu að vetrarbrautir voru að fjarlægast hver aðra. Því fjarlægari sem þær voru, þeim mun hraðar fjarlægðust þær okkur. Alheimurinn var svo sannarlega að þenjast út!

Ef alheimurinn var að þenjast út hlaut hann að hafa verið minni, þéttari og heitari í fortíðinni, eins og Lemaître hafði bent á. Alheimurinn hlaut að hafa sprottið úr örsmáum punkti sem byrjaði að þenjast út í því sem við köllum nú Miklahvell.

Endurómur Miklahvells


Samkvæmt Miklahvellskenningunni átti alheimurinn sér heitt upphaf. Í árdaga var alheimurinn uppfullur af heitri geislun sem kólnaði verulega með tímanum samhliða útþenslunni. Útreikningar sýndu að hitinn frá Miklahvelli ætti enn að vera mælanlegur og bærast til okkar úr öllum áttum sem daufur örbylgjubjarmi – svokallaður örbylgjukliður.

Árið 1964 fannst örbylgjukliðurinn fyrir slysi og hlutu vísindamennirnir tveir, Arno Penzias og Robert Wilson,



Nóbelsverðlaun fyrir. Uppgötvunin staðfesti að alheimurinn átti sér heitt upphaf og renndi enn styrkari stoðum undir Miklahvellskeninguna.

Mælingar á örbylgjukliðnum sýndu að hann var ótrúlega einsleitur og samfelldur, þ.e.a.s. nokkurn veginn eins, sama hvert við lítum, eins og mynd 1 sýnir. Hvers vegna?



Mynd 1

Mynd af örbylgjukliðnum á himinhvolfinu. Örbylgjukliðurinn (grænn) er bakgrunnsgæislun sem fyllir alheiminn. Hann endurómar fyrri tíð þegar alheimurinn var heitari og þéttari. Línan í miðjunni er Vetrarbrautin okkar.

Óðáþensla til bjargar

Árið 1980 birti bandaríski eðlisfræðingurinn Alan Guth (og samtímamenn hans) útreikninga sem sýndu að samkvæmt jöfnum Einsteins getur þyngdarkrafturinn ekki aðeins dregið hluti saman, heldur líka verkað eins og fráhrindikraftur.

Guth setti fram byltingarkennda hugmynd. Í frumbersku alheimsins, aðeins 10^{-36} sekúndum eftir upphafið, þandist alheimurinn út 10^{26} -falt á sekúndubroti. Þessi snögga útþensla hafði þau áhrif að allar orku- og efnisjöfnur í alheiminum sléttust út. Þannig gátu Guth og fleiri útskýrt hvers vegna alheimurinn virðist einsleitur í allar áttir.

En hvernig er hægt að staðfesta kenningu um atburð sem stóð yfir í innan við sekúndubrot fyrir 13,8 milljörðum ára?


Skammtaflökt

Í upphafi, á fyrstu sekúndubrotunum þegar alheimurinn var örsmár, réði skammtafræðin ríkjum. Orka og agnir flöktu; agnir urðu til úr orku og hurfu jafnharðan. Þetta skammtaflökt myndaði gárur í tómarúminu þannig að hitastig varð mismikið milli mismunandi staða í alheiminum. Útreikningar sýndu að hitastigsmunurinn var reyndar mjög lítill, aðeins hundrað þúsundasti hluti úr gráðu, en hefði tiltekið mynstur yfir allan himinninn.

Í lok 20. aldar og í byrjun þessarar mældu

stjörnufræðingar hitastig örbylgjukliðsins með mikilli nákvæmni sem sýndi þennan mun (sjá mynd 2). Mælingar sýndu að örbylgjukliðurinn er ekki fullkomlega samfelldur heldur gáraður. Sem betur fer, því ef ekki væri fyrir þennan hitastigsmun milli svæða í alheiminum hefðu stjörnur og vetrarbrautir (og þar af leiðandi við) aldrei orðið til!

Samkvæmt óðaðenslukeningunni þandist alheimurinn svo hratt út (hraðar en ljósið) á fyrstu sekúndubrotum Miklahvells að skammtaflökkið myndaði þyngdarbylgjur sem gengu um tímarúmið eins og gárur á vatni. Kenningin spáir fyrir um að þyngdarbylgjurnar hefðu skilið eftir sig ákveðin mynstur í örbylgjukliðnum sem væru fingraför óðaðenslu. Ef slík mynstur er að finna í örbylgjukliðnum myndi það renna stoðum undir óðaðenslukeninguna.



Mynd 2

Mælingar frá Suðurskautslandinu

Við fyrstu sýn kann Suðurskautslandið að virðast sérkennilegur staður fyrir stjörnuathugunir. Suðurskautið er kaldasti og þurrasti staður veraldar og er því einstaklega heppilegt fyrir rannsóknir á örbylgjugeislun sem vatnsgufa í loft-hjúpnnum gleypir annars.

Í þrjú ár starði lítill sjónauki, BICEP2, á himininn yfir Suðurpólnum í leit að fingraförum óðaþenslunnar í örbylgjukliðnum. Í mars síðastliðnum tilkynntu stjörnufræðingar við verkefnið að þeir hefðu nú fundið þessi fingraför, sem staðfestu þar með óðaþenslukeninguna!


Þetta er stórkostleg uppgötvun, ein mesta og mikilvægasta uppgötvun vísindasögunnar. Fyrir hana verða eflaust veitt Nóbelsverðlaun. Verði hún staðfest.

Vísindamenn eru nefnilega venjulega fullir efasemda þegar um byltingarkenndar uppgötvunir er að ræða. Þeir vilja fá að skoða gögnin og krefjast þess að frekari mælingar verði gerðar.

Mynd 3

Fingraför óðaþenslu koma fram sem dauft en áberandi undið mynstur í örbylgjukliðnum. Hér sést þetta mynstur eins og BICEP2-sjónaukinn sér það á mismunandi stöðum himinsins yfir Suðurskautslandinu.

Mynd: BICEP2



Hvað var mælt?

Undanfarnar vikur hafa niðurstöðurnar því verið skegg-ræddar og ekki eru allir sannfærðir. Enginn efast um að BICEP2 hafi mælt eitthvað en menn greinir á um hvað.

Líklega mun taka nokkur ár að sannreyna



niðurstöðurnar. Nokkrir aðrir sjónaukar, þar á meðal Planck-geimsjónauki Geimstofnunar Evrópu (ESA), geta mælt þessi fingraför óðaþenslunnar í örbylgjukliðnum og má búast við niðurstöðum frá honum síðar á þessu ári.

Hvað þýða niðurstöðurnar?

Hvers vegna þykja þessar niðurstöður svona merkilegar? Í fyrsta lagi renna mælingarnar stöðum undir óðaþenslukeninguna. Við vitum ekki aðeins að alheimurinn er að þenjast út, heldur höfum við nú fengið upplýsingar um hvað það var sem hratt útþenslunni af stað og gerði efni kleift að kastast í kekki og mynda vetrarbrautir, stjörnur og að lokum okkur.

Í öðru lagi benda mælingarnar til að þyngdarkrafturinn sé skammtaður. Menn hafa lengi reynt að samræma skammtakenninguna og afstæðiskenninguna í eina kenningu og uppgötvunin bendir til að þær tilraunir séu ekki með öllu tilgangslausar.

Þriðja atriðið er þó kannski einna merkilegast. Eitt af því sem óðaþenslukeningin spáir fyrir um er að óðaþenslusviðið sé svo öflugt að það endurtaki sig í sífellu. Þegar einni óðaþenslu lýkur hefst önnur annars staðar sem býr til annan Miklahvell og annan alheim. Þetta ferli endurtekur sig í sífellu. Það þýðir að alheimurinn okkar er aðeins einn af ótal mörgum alheimum sem mynda einn gríðarmikinn fjölheim!

Kaupin á eyrinni

Dóri DNA skrifar um pólitík og hvað það er ömurlegt þegar einhver reynir að höfða til lægstu hvata.

Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa eytt allavega 20 milljónum í auglýsingar í kosninga-baráttunni. Það er mjög varlega áætlað, líklega er það miklu meira, bæði í framleiðslu og birtingum. Það er ekkert til sparað. Fótósjoppæfinginn sem eitt sinn var þekkt sem smettið á Halldóri Halldórssyni er á öllum strætisvagnaskýlum í Reykjavík. Líka á Seltjarnarnesi og í Kópavogi. Svona bara ef einhver óákveðinn villtur Reykvíkingur skyldi sjá ljósið á meðan hann bíður eftir strætó.

Krullur úti um allt

Krullurnar hans Dags B. Eggertssonar eru allstaðar. Hverju götuhorni, hverri vefsíðu, útvarpsstöð, sjónvarpsstöð, flettiskilti og þar fram eftir götunum. Ég held að stór hluti kjósenda sé að kjósa krullurnar en ekki hann. Þær eru meira að segja í sjónvarpinu að þykjast kunna að keyra gröfu. Auglýsingin gefur til kynna að Dagur ætli persónulega að reisa þessar 3.000 íbúðir sem Samfylkingin hefur lofað, með litlu gröfunni sinni og þykku lokkunum sínum. Gott og blessað.

En getur einhver sagt mér, hvaðan koma þessir peningar?

Hvar fá þessi framboð peningana til þess að auglýsa svona? Varla er John Frieda eða Shockwave Wella að dæla þessu í Dag.

Konan mín er á framboðslista Bjartar framtíðar. Til samanburðar get ég sagt frá því að kosningabaráttu BF kostar eitthvað aðeins undir 3,5 milljónum. Allur peningurinn var tekinn á yfirdrætti í banka og er Sigurður Björn Blöndal, oddviti flokksins, í persónulegri ábyrgð. Peningana stendur svo til að endurgreiða með aurunum sem Reykjavíkurborg fær þeim flokkum sem komast í borgarstjórn (30 kleinur sem allir deila).

„Á sama tíma held ég að Dögun sé að keyra sína kosningabaráttu á góðum dósasjóði og að Alþýðufylkingin hafi verið með einn brakandi fimm þúsundkall til að klára dæmið. Miðað við sýnileika þeirra í kosningabaráttunni má ætla að þessi seðill hafi annaðhvort týnst eða endað í spilakassa. Píratar aftur á móti nota gjaldmiðil sem við hin líklegast þekkjum ekki og eru hluti af hagkerfi sem enginn

skilur. Guð blessi þetta gengi og hálsakots-skeggin þeirra.

Það er enginn að segja mér að sömu heimili og sóttu um skuldaleiðréttingu séu að ausa peningum í þessa flokka. Bæði Halldór Halldórsson og Dagur B. Eggertsson vita að hádegismatur er aldrei ókeypiss, og kosningaframlög eru það enn síður. Kjósendur eiga rétt á því að vita hvaða fyrirtæki, hagsmunaaðilar og einkafélög hafa verið að dæla í þá peningum. Kjósendur eiga rétt á því að vita hverja er búið að blikka, hverjir hafa setið með í hádegismat og hverjir telja sig eiga tilkall til ákveðinni hlunninda þegar kosningum lýkur.

Júlíus Vífill með 2,5 milljónir

í Reykjavík Vikublaði kemur fram að bara Júlíus Vífill hafi fengið 2,5 milljónir frá ýmsum fyrirtækjum fyrir prófkjör sitt. Aðallega verktökum. Haldiði að Júlíus fái þessa peninga því hann syngur svo fallega? Eða tengist það frekar setu hans í skipulagsráði?



Þetta er quid pro quo. Það gerir enginn neitt fyrir neinn, sem gerir ekki neitt fyrir neinn.

Í raun er það ágætis regla að fylgjast með því hverjir augýsa mest og sneiða svo framhjá þeim framboðum. Því sem kjósandi hefur maður ekki hugmynd um hvers konar farangur þau taka með sér inn í Ráðhúsið. Að minnsta kosti ekki fyrr en eftir kosningar.

Hægt að kaupa atkvæði á ýmsa vegu

Það eru margar leiðir til að kaupa atkvæði aðrar en að lofa fólki niðurfellingu á skuldum sínum. Vinstri græn eru eiginlega á sömu Framsóknarlínu um einhvern popúlískan sósíalisma þegar þau lofa gjaldfrjálsum leikskóla. Það þarf að efla innviði leikskóla í Reykjavík, mögulega þarf einkaframtakið að eiga þar skrens. Og hvaða rökvilla er að líkja þessu við grunnskólann? Eru ekki allir nokkuð sammála að grunnskólastigið mætti alveg við meiriháttar uppfærslu? Þetta er þessi undarlega lenska vinstri manna, að heimta að allir hafi það jafn skítt, í stað þess að allir hafi það jafn gott.

En versta leiðin á atkvæðamarkaðnum er sú að höfða til lægsta samnefningarans. Að daðra við innflytjendahatur og heimóttarskap og láta eins og frjálslynt samfélag á norður-slóðum rúmi ekki hvaða trúarbrögð sem er. Kannski er ágætt að oddviti Framsóknar hafi viðrað þessar hugmyndir, til þess að undirstrika hversu lítið erindi hún á í borgarstjórn og til að draga allar þessar rottur fram úr fylgsnum sínum. Núna vitum við að minnsta kosti hvar við eigum að leggja gildrurnar og því miður gæti forsætisráðuneytið verið á listanum.

„Guð blessi þetta gengi og hálsakots-skegginn þeirra.“

Skemmtilegra og betra samfélag

Það má vel vera að það sé gamaldags og asnalegt að gefa trúfélögum lóðir. Þeim lögum má þá bara breyta á Alþingi. En ég held að moska múslima, hof ásatrúarmanna, kirkja rússneska rétttrúnaðarins og búddahöllin verði til þess að draga úr fordómum, svala forvitni og gera samfélagið fjölbreyttara, litríkara og skemmtilegra.

